

# Heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi

Kristinn Jón Bjarnason



FÉLAGS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Október 2010

# Útdráttur

Viðfangsefni rannsóknarverkefnisins er heyrnarlausir og innflytjendur. Fjöldi heyrnarlausra á Íslandi telst um 250 manns. Rétt fyrir bankahrunið hafði fjöldi innflytjenda aukist og það gerðist einmitt með heyrnarlausa. Margir heyrnarlausir hafa flust til Íslands og kom stærsti hluti þeirra á árunum 2006 og 2007. Þá stækkaði samfélag heyrnarlausra á Íslandi talsvert.

Skýrslan skiptist í þrjá hluta; fyrsti hlutinn er fræðilegur, þar sem fjallað er um þá þætti sem tengjast viðfangsefninu. Í öðrum hlutanum er gerð rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við fjölda fólks. Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknarhefð. Í þriðja hlutanum er samantekt úr niðurstöðum og tillögur settar fram.

Markmið rannsóknarinnar er að reyna að fá eins skýra mynd og hægt er af stöðu heyrnarlausra innflytjenda á Íslandi. Þá var hópurinn borinn saman við heyrandi sem eru innflytjendur eða heyrnarlausir á Íslandi.

Helstu niðurstöður rannsóknarverkefnisins er að staða heyrnarlausra innflytjenda virðist vera veikari en heyrandi og heyrnarlausra íbúa á Íslandi. Margir innflytjendur sem eru heyrnarlausir virðast ekki hafa náð góðum tókum á íslensku sem getur veikt möguleika þeirra í upplýsinga, atvinnu- og menntunarmálum.

Mælt er með að efla ráðgjöf og upplýsingar með námskeiði í íslensku táknmáli, íslensku og menningarsögu heyrnarlausra. Ef til vill má segja að réttur allra á að vera sá sami samkvæmt lögum en möguleikarnir til að nýta sér hann séu kannski ekki jafnir.

Bætt íslenskukunnátta, kunnátta í íslensku táknmáli og túlkapjónusta myndi leiða til þess að sjálfsmynd og sjálfstraust döff myndi eflast til muna og eru það sjálfsgöð mannréttindi.

## **Abstract - English**

This research project is about the people who are deaf and immigrants in Iceland. The numbers of immigrants have increased before the financial crisis in Iceland happened in Fall 2008. In the years of 2006 and 2007, the numbers of deaf immigrants have increased too. It made the record for the largest number of deaf immigrants. The deaf immigrants were looking for a better living, an employment and a home. The number of deaf inhabitants in Iceland is approximately 250.

The report is divided into the three parts. The first part is theoretical about deaf and immigrants. The second part is the study from interviews with few of those deaf immigrants. The third part is the summary and recommendation to prove the status of deaf immigrants in Iceland.

The aim of this research project is attempting to make a clear picture, as possible, of the status of deaf immigrants in Iceland. The immigrants were compared to the hearing immigrants and deaf inhabitants.

The findings from this research project are that deaf immigrants in Iceland seem to be in a weaker position than hearing immigrants. Many deaf immigrants do have a little knowledge of Icelandic language. With the lack of Icelandic language, it may weaken the possibilities of assistance, employment and education. Deaf immigrants have learned Icelandic Sign Language that would help them to get basic information through interpreters and other deaf people, but, still, it shows insufficient.

It is strongly recommended to strengthen the guidance or advice for the deaf immigrants. The deaf immigrants should be required to learn Icelandic Sign Language first then they should be persuaded to learn Icelandic language when a course is offered.

Perhaps it could be said that the rights of every person are to be the same under the laws, but it is possible to make use of it. It is, perhaps, not equal because of the lack of knowledge in language. With a basic knowledge of Icelandic language and a full access to interpreters, those deaf immigrants will gain self-confidence and will grow substantially. It is about the human rights.

# Formáli

Rannsóknarverkefni þetta er styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Verkefnið fjallar um heyrnarlausa innflytjendur á Íslandi. Það skiptist í þrjá hluta; fyrsti hlutinn er fræðilegur, þar sem fjallað er um þá þætti sem tengjast viðfangsefninu. Viðfangsefnið er heyrnarlausir og innflytjendur. Í öðrum hluta verkefnisins er rannsókn. Tekin voru viðtöl við nokkra innflytjendur sem eru heyrnarlausir og auk þess aðra sem hafa unnið með þeim á einn eða annan hátt. Í þriðja hlutanum eru niðurstöður settar saman og hugsað meira um þessi mál. Vinnan við verkefnið hefur verið lærdómsríkt ferli.

Félagi heyrnarlausra kann ég bestu þakkir fyrir upplýsingar og velvilja þeirra. Þá vil ég þakka Valgerði Stefánsdóttur og Guðbjörgu Ragnarsdóttur fyrir að veita mér leyfi til að nota heimildir úr meistararitgerðum þeirra. Sérstaklega vil ég þakka heyrnarlausum innflytjendum sem veittu góðfúslega viðtöl. Án þeirra hefði ég aldrei getað gert þetta rannsóknarverkefni. Svo vil ég þakka þeim sem gáfu mér upplýsingar munnlega eða í gegnum tölvupóst. Öðrum þakka ég fyrir alla aðstoðina, yfirlesturinn, stuðninginn og hvatninguna sem mér hefur verið sýnd á meðan vinnan stóð yfir.

# Efnisyfirlit

|                                                               |           |
|---------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1. Inngangur .....</b>                                     | <b>8</b>  |
| <b>2. Innflytjendur og heyrnarlausir.....</b>                 | <b>9</b>  |
| 2.1. Innflytjendur.....                                       | 9         |
| 2.2. Hugtak um heyrnarlausa .....                             | 10        |
| 2.3. Táknmál.....                                             | 12        |
| 2.4. Menning heyrnarlausra.....                               | 13        |
| 2.5. Málminnihlutahópur .....                                 | 14        |
| 2.6. Tvítýngi.....                                            | 16        |
| 2.7. Táknmálstúlkun .....                                     | 17        |
| 2.8. Aðgengi að upplýsingum .....                             | 18        |
| 2.9. Einangrun og félagsskapur.....                           | 19        |
| <b>3. Heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi .....</b>         | <b>21</b> |
| 3.1. Mikið um heyrnarlausa innflytjendur í fréttum.....       | 21        |
| 3.2. Heyrnarlausir innflytjendur fá ekki sérmeðferð .....     | 21        |
| 3.3. Heyrnarlausir eru ekki mállaus .....                     | 22        |
| 3.4. Engin áætlun um móttöku heyrnarlausir innflytjenda ..... | 23        |
| 3.5. Fjöldi heyrnarlausra innflytjenda.....                   | 23        |
| <b>4. Framkvæmd rannsókna.....</b>                            | <b>25</b> |
| 4.1. Rannsóknaraðferð .....                                   | 25        |
| 4.2. Eldri rannsóknir .....                                   | 26        |
| 4.3. Um rannsóknina .....                                     | 27        |
| 4.4. Rannsóknarspurning .....                                 | 27        |
| <b>5. Heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi .....</b>         | <b>29</b> |
| 5.1. Ástæða komu til Íslands .....                            | 29        |
| 5.2. Innganga í kerfið.....                                   | 30        |
| 5.3. Atvinna .....                                            | 30        |
| 5.4. Alþjóðahús.....                                          | 32        |

|                                                              |           |
|--------------------------------------------------------------|-----------|
| 5.5. Félag heyrnarlausra .....                               | 32        |
| 5.6. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra .....  | 33        |
| 5.7. Að læra málið .....                                     | 34        |
| 5.8. Táknmálstúlkun .....                                    | 35        |
| 5.9. Fræðsla á táknmáli .....                                | 37        |
| 5.10. Upplýsingar og aðgengi .....                           | 38        |
| 5.11. Fordómar .....                                         | 39        |
| 5.12. Vinátta og félagsstarf .....                           | 40        |
| 5.13. Tengsl við heimaland .....                             | 41        |
| <b>6. Stefna stjórnvalda .....</b>                           | <b>42</b> |
| 6.1. Jöfn tækifæri fyrir alla .....                          | 42        |
| 6.2. Táknmál verði viðurkennt .....                          | 42        |
| 6.3. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra ..... | 42        |
| 6.4. Framkvæmdanefnd í málefum heyrnarlausra .....           | 43        |
| 6.5. Önnur réttindi .....                                    | 44        |
| <b>7. Samantekt .....</b>                                    | <b>46</b> |
| 7.1. Tvöfalt mál til að læra .....                           | 46        |
| <b>8. Stefna í málefnum heyrnarlausra innflytjenda .....</b> | <b>48</b> |
| 8.1. Engin stefna á Íslandi .....                            | 48        |
| 8.2. Samskiptin mesta hindrunin .....                        | 49        |
| 8.3. Námskeið .....                                          | 50        |
| 8.4. Fræðsla .....                                           | 52        |
| 8.5. Auka aðgengi að upplýsingum .....                       | 52        |
| 8.6. Hætta er á einangrun .....                              | 53        |
| 8.7. Umræður .....                                           | 54        |
| 8.8. Takmarkanir eða veikleiki .....                         | 54        |
| 8.9. Mikilvægi rannsóknarinnar og framtíðarrannsóknir .....  | 54        |
| <b>9. Lokaorð .....</b>                                      | <b>56</b> |
| <b>10. Heimildaskrá .....</b>                                | <b>59</b> |

# 1. Inngangur

Verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti Íslands í apríl 2010. Í þessu rannsóknarverkefni er ætlunin að kanna hvernig staða innflytjenda sem eru heyrnarlausir á Íslandi er. Markmið verkefnisins er að skoða hvernig þessum hópi hefur tekist að aðlagast lífinu á Íslandi. Gildi verkefnis er upphaf að þarfagreiningu um stöðu heyrnarlausra nýbúa sem gæti nýst hagsmunasamtökum eða/og stjórnvöldum á Íslandi.

Á árunum 2006 til 2007 fluttust mjög margir heyrnarlausir til Íslands og voru þeir að leita sér vinnu og eignast heimili. Þá stækkaði samfélag heyrnarlausra talsvert og kom fljótlega í ljós að Ísland var ekki tilbúið til að taka við svo stórum hópi heyrnarlausra innflytjenda.

Viðfangasefnið er innflytjendur og heyrnarlausir. Rannsóknin er byggð á eigindlegri rannsóknarhefð, þá voru tekin viðtöl við nokkra döff innflytjendur, fagaðila og aðra sem hafa unnið með þeim á einn eða annan hátt.

Skýrslan skiptist í þrennt; fyrsti hluti hennar er fræðilegur þar sem fjallað verður um þá þætti sem tengjast heyrnarlausum og innflytjendum. Í öðrum hlutanum eru niðurstöður úr rannsókninni. Í þriðja hlutanum eru nokkrar tillögur um hvernig má bæta lífsgæði heyrnarlausra innflytjenda.

Rannsókninni er ætlað að stuðla að auknum skilningi og þekkingu á málefnum heyrnarlausra og innflytjenda. Ekki hefur verið gerð slík rannsókn fyrr.

## 2. Innflytjendur og heyrnarlausir

Í þessum kafla er fræðilegur kafla um hugtökin *innflytjendur* og *heyrnarlausir*. Ef til vill hugsa margir að heyrnarlausir innflytjendur séu eins og hverjir aðrir innflytjendur. En það er ekki alltaf í raunin, því staða heyrnarlausra innflytjenda er ólík heyrandi innflytjenda. Heyrnarlausir innflytjendur tala táknmál á meðan heyrandi innflytjendur tala talmál eða raddmál.

### 2.1. Innflytjendur

Innflytjandi er skilgreindur útlendingur sem er fæddur erlendis og hefur flust til landsins til langframa eða báðir foreldrar einstaklings eru fæddir erlendis eða hafa einhvern tíma haft erlent ríkisfang (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Sumir hafa nefnt þá sem eru innflytjendur nýbúa, en þetta hugtak virðist ekki vera algengt. Sennilega má segja að orðið „nýbúi“ sé skilgreint sem einstaklingur sem hefur annað móðurmál en íslensku og sé nátengt við kennslu í skólum (Toma, 2002). Þess vegna verður talað um erlent fólk sem flyst til Íslands sem innflytjendur frekar en nýbúa í þessari skýrslu.

Í janúar árið 2006 voru 7,6% íbúar á Íslandi innflytjendur, sem jókst upp í 8,1% í janúar 2008. Það er mikil aukning frá árinu 1996 þegar innflytjendur voru aðeins 2% landsmanna. Hlutfall innflytjenda hér á landi er nú álíka hátt og í Noregi og Danmörku (Hagstofa Íslands, 2009). Innflytjendum fjölgaði mikið á árunum fyrir bankahrunið (Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berglind L. Hafsteinsdóttir, 2009), vegna þenslu í þjóðfélaginu þar sem skortur var á vinnuafli í ýmsum starfstéttum (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska, 2007; Hallfríður Þórarinsdóttir o.fl., 2009).

Fjöldi heyrnarlausra á Íslandi jókst mjög mikið á árunum 2006 og 2007, þar sem margir innflytjendur voru heyrnarlausir. Þá var nóg um atvinnu og auðvelt að finna vinnu (Sjónvarpið, 2007).

Það má því segja að Ísland sé komið á kortið, hvað varðar fjölmenningarlegt samfélag, þar sem fólk með mismunandi menningarlegan og „etnískan“ uppruna er farið að setjast að (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

## 2.2. Hugtak um heyrnarlausa

Heyrnarlaus einstaklingur er skilgreindur sem manneskja sem hefur það takmarkaða heyrn að hann/hún getur ekki skilið talað mál með eingöngu hjálp heyrnartækja. Hins vegar er heyrnarskertur einstaklingur skilgreindur sem það mikið heyrnarskertur að það veldur erfiðleikum að skilja talað mál en ekki útilokað með heyrnartækjum (Freeman, Carbin og Boese, 1988). Í íslenskri orðabók (2002) þýðir orðið „heyrnarlaus“ sá sem heyrir ekkert. Það er athyglisvert að í Íslenskri orðabók (1979) er ekki að finna orðið „heyrnarlaus“. Hins vegar er að finna orðið „heyrnardaufur“ sem þýðir að heyra illa. Í sömu bók er að finna orðið heyrnleysingi sem er nær eða alveg heyrnarlaus. Heyrandi þýðir sá sem heyrir (*Íslensk orðabók*, 1979). Áður var orðið „heyrnarlaus“ ekki til í orðabók Geir T. Zoega (1967) sem kom út fyrst á árinu 1910. Þá þýddi „daufur“ að vera heyrnarlaus eða deaf á ensku. Í sömu bók var að finna orðið „blindur“ (blindur). Bók Gunnars Salvarssonar (1995) heitir „Daufir Duga“. Þannig að í gamla daga var notað orðið daufur eða dauf í eintölu og daufir í fleirtölu um þá sem voru heyrnarlausir. Það kann að hljóma svolítið einkennilega að tala um einstakling sem er heyrnarlaus sem daufan. Því orðið daufur getur þýtt að vera máttlaus eða þróttlítill. Hins vegar er talað um þá sem eru bæði heyrnarlausir og blindir sem daufblinda. Þetta orð er til í íslenskunni. Ekki verður gerður frekari greinarmunur á hvort einstaklingur sé heyrnarlaus eða heyrnarskertur í þessari skýrslu.

Heyrnarlausir sem tala táknmál og tilheyra menningarsamfélagi heyrnarlausra

kalla sig „döff“, (Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, 2006; Júlía G. Hreinsdóttir, 2006; Margrét Pétursdóttir, 2009). Það má segja munnhreyfingin sem er notuð þegar heyrnarlausir mynda táknið að vera heyrnarlaus sé „döff“. Heyrnarlausir kalla sig aldrei heyrnarlausa heldur að vera *döff* (Júlía G. Hreinsdóttir, 2006).

Það má segja að orðið *döff* sé tökuorð í íslensku og komi úr táknmálinu. Orðið stendur fyrir að vera heyrnarlaus. Það hefur skapast hefð að nota orðið *döff* fyrir þennan hóp (Margrét Pétursdóttir, 2009) eins og hefur komið fram.

Orðið *döff* er tökuorð og er ekki hægt að greina hvort orðið það er nafnorð eða lýsingaorð. Ekki er talið að hægt að sé að greina málfræðilega hvers kyns orðins er.

Talið er að hugtakið *döff* eigi ekki endilega við um þá sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir samkvæmt heyrnarmælingum. Frekar að hugtakið sé notað yfir ákveðna samsömun. Margir heyrnarlausir hafa þannig samsamað sig og líta á sig frekar sem *döff* en heyrnarlausa (Gunnar Salvarsson, 1995; Júlía G. Hreinsdóttir, 2006).

Orðið „heyrnarlaus“ er svolítið sérstakt á Íslandi. Kannski má líka þýða það sem svo að vera laus við heyrn eða að heyra ekkert. Gunnar Salvarsson (1994) segir að heyrnarlausir séu að burðast með hugtak sem felur í sér skort eða vöntun, þ.e. að vera *heyrnarlausir*. Ef þetta hugtak er skoðað nánar og hvernig það er notað Norðurlöndum þá kemur í ljós að orðið heyrnarlaus er á dönsku og norsku „døve“, á sænsku „döva“ og í ensku er „deaf“. Það má því segja að danir segi ekki „hörungslös“ sem er heyrnarlaus einstaklingur. Sama má segja um orðið *blindur* á Íslandi sem virðist vera svipað og í Danmörku þar sem þýðingin á dönsku er „blind“. Sama er í sænsku, norsku og í ensku, þ.e. „blind“. Ef til vill gæti orðið *døv* á skandinavískum málum samsvarað íslenska orðinu *daufur* sem getur merkt heyrnarlaus (Íslensk orðabók, 2002; Íslensk orðabók, 1979). Heyrnarlausir kalla sig aldrei dauf eða daufur og það getur haft aðra merkingu sem er þróttlítill eða lélegur (Íslensk orðabók, 1979).

### 2.3. Táknmál

Á Íslandi búa um 200 til 300 manns sem tilheyra samfélagi heyrnarlausra og tala íslenska táknmálið daglega (Rannveig Sverrisdóttir, 2005; Háskóli Íslands, 2009). Á Íslandi hafa mjög margir lært íslenskt táknmál. Heyrnarlaus fólk er venjulegt fólk sem lifir venjulegu lífi innan íslensks samfélags en talar annað mál og á að stórum hluta aðra menningu (Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, 2006). Þannig má segja að táknmál sé hluti af menningu samfélags heyrnarlausra á Íslandi (Háskóli Íslands, 2009).

Heyrnarlausir skynja og skilja heiminn fyrst og fremst í gegnum sjónina. Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra Íslendinga (Evrópusamband heyrnarlausra, 1997; Háskóli Íslands, 2009). Táknmál er sjónrænt mál sem heyrnarlausir tala og er sjálfsprottið mál sem hefur þróast í samfélagi heyrnarlausra alls staðar í heiminum (Táknsmiðjan, e.d.). Táknmál er mikilvægt fyrir heyrnarlausa, þar sem það hefur þýðingu fyrir þroska þeirra hvort sem er í lífi og í starfi. Einnig er táknmál mikilvæg uppspretta þekkingar fyrir heyrnarlausa og leið þeirra til að taka þátt í íslenskri menningu sem og menningu heyrnarlausra (Evrópusamband heyrnarlausra, 1997).

Sumir hafa spurt hvort táknmál séu eins í öllum löndum eða hvort það sé alþjóðlegt. Svo er það ekki. Táknmál er sérstakt fyrir hvert land. Hver þjóð á sitt eigið táknmál (Rannveig Sverrisdóttir, 2005; Svandís Svavarsdóttir, 2001). Íslenska táknmálið er ólíkt öðrum táknmálum í heiminum. Táknmál í heiminum eru nokkuð skyld innbyrðis og um margt lík. Til dæmis er bandaríska táknmálið talið töluvert skylt franska táknmálinu. Þannig á heyrnarlaus Bandaríkjamaður auðveldara með að tala við heyrnarlausan Frakka en heyrnarlausan Breta (Svandís Svavarsdóttir, 2001). Það eru ekki margar rannsóknir til um samanburð á táknmálum í heiminum. Það er því erfitt að segja nákvæmlega til um skyldleika táknmála milli landa og hvað er svipað með þeim (Rannveig Sverrisdóttir, 2005).

Heyrnarlausir tala táknmál, því þannig fá þau skýrar upplýsingar frá öðrum. Í gamla daga var áhersla lögð á að læra að tala og lesa af vörum. Afleiðingin var sú að margir döff fengu lélega menntun því sú leið var ekki rétt til að kenna heyrnarlausum börnum að lesa og skrifa (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Þá er hægt að hugsa sér að hægt sé að misskilja ef heyrnarlaus einstaklingur reynir að nota varalestur með því að hafa samskipti við aðra. Því er táknmál mjög nauðsynlegt fyrir döff einstaklinga til að eiga samskipti.

Erlendis var viðhorf heyrandi til táknmáls mjög neikvætt í gegnum tíðina, en viðhorfið hefur breyst og er orðið jákvæðara. Með fræðslu um táknmál getur almenningur fengið betri skilning og þar af leiðandi betra viðhorf til táknmáls. Táknmál er ekki ennþá viðurkennt móðurmál heyrnarlausra eða sem fyrsta mál heyrnarlausra á Íslandi, en hefur hlotið viðurkenningu í löndum kringum Ísland (Rannveig Sverrisdóttir, 2007).

## **2.4. Menning heyrnarlausra**

Heyrnarlausir hafa eigin menningu sem tengist mest táknmálinu. Einnig tengist menning heyrnarlausra líka t.d. siðum, venjum, ljóðum og listum. Með menningu heyrnarlausra hefur táknmálstalandi fólk skapað sér sérstöðu gagnvart heyrandi. Heyrnarlausir standa saman hvar sem er í heiminum og nær sú samstaða út fyrir pólitík, trú og landamæri. Heyrnarlaus, táknmálstalandi einstaklingur og heyrandi, raddmálsnotandi hafa oft ekki alveg sömu menningu þrátt fyrir að þeir séu frá sama landi (Gunnar Salvarsson, 1995; Humphrey og Alcorn, 1997). Heyrnarlausir standa saman hvar sem er í heiminum eins og áður segir. Dæmi er um að Indverji og Pakistani séu vinir vegna táknmáls og menningar heyrnarlausra.

Það má segja að heyrnarlausir hafi sitt eigið tungumál, sögu, listir og hegðunarreglur en á sama tíma eru þeir ekki á móti menningu meirihlutans, þ.e. fólksins sem býr í landinu. Heyrnarlausir eru duglegir að miðla upplýsingum með sögum sem ganga manna á milli. Þessar sögur

endurspegla líf döff, upplifanir og reynslu. Menning berst aðallega á milli kynslóða með rituðu og töluðu máli, óskrifuðum reglum og venjum (Guðbjörg Ragnarsdóttir, 2009).

Oft er verið að skilgreina heyrnarlausar sem fatlað fólk. Séu heyrnarlausir í umhverfi þar sem allir tala táknmál eru þeir ekki fatlaðir en án táknmálsins eru þeir fatlaðir (Guðbjörg Ragnarsdóttir, 2009). Þannig má segja að heyrnarlausir skilgreini sig ekki sem fatlaða heldur líta þeir á sig sem málminnihlutahóp í vestrænum löndum. Samfélag heyrnarlausra hefur vaxið upp af tengslum milli manna með sameiginlega reynslu sem felst ekki eingöngu í því að búa í hjóðum heimi, heldur talar það fólk táknmál og á sína sögu, menningu og listir.

Í meistararitgerð Valgerðar Stefánsdóttur (2005) kemur fram að heyrnarlausir mynda sérstakt samfélag á Íslandi eins og er gert í heiminum. Til að tilheyra þessu samfélagi þarf viðkomandi að tilheyra Félagi heyrnarlausra, hafa farið í skóla fyrir heyrnarlausar og þekkja menningararf heyrnarlausra. Í rannsókn Valgerðar Stefánsdóttur (2005) kom fram að heyrnarlausir líta á sig sem alþjóðasamfélag, þjóð án heimalands, þar sem þeir upplifa meiri menningarlega samkennd með heyrnarlausum hvar sem er í heiminum en samlöndum sínum. Menning heyrnarlausra skapar þannig táknmálstalandi fólki sérstöðu gagnvart heyrandi.

## **2.5. Málminnihlutahópur**

Í Svíþjóð árið 1980 kom fram hugmynd um að heyrnarlausir tilheyri fyrst og fremst málminnihlutahópi. Þessi skilgreining hefur farið vaxandi í vestrænum löndum. Heyrnarlausir á Íslandi tilheyra því málminnihlutahópi frekar en að vera fatlaður hópur eins og er víðar annars staðar í heiminum (Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, 2006; Guðbjörg Ragnarsdóttir, 2009). Það má segja að heyrnarlausir séu málminnihlutahópur sem talar íslenskt táknmál, en ekki íslensku eins og aðrir Íslendingar. Heyrnarlausir líta ekki á sig sem fatlaða og

vilja ná fullri viðurkenningu samfélags á tilveru þeirra (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010) þar sem táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra.

Það er hægt er að skilgreina minnihlutahópa út frá tvenns konar sjónarhorni. Annars vegar með því að líta á fatlaða út frá læknisfræðilegu sjónarhorni og hins vegar sem málminnihlutahóp út frá félagslegu sjónarhorni (Guðbjörg Ragnarsdóttir, 2009). Heyrnarlausir líta fyrst á sig menningarminnihlutahóp í samfélagi. Það þýðir frekar menningarlegt fyrirbæri en læknisfræðilegt (Ástríður Stefánsdóttir, 2007).

Gunnar Salvarsson (1994) telur að þegar minnihlutahópar eru skilgreindir út frá læknisfræðilegum fyrirbærum verði til fordómar, vantrú á getu hópsins og einstaklingana til afreka því það er horft á það sem „vantar“. Þá er reynt að bæta upp, t.d. með heyrnartækjum eða kuðungsígræðslu eða að fá heyrnarlausra til að tala. Það er ekki horft á margvíslega hæfileika heyrnarlausra eða það sem gerir þá einstaka t.d. gott sjónskyn eins og heyrnarlausir hafa. Hins vegar telur Gunnar Salvarsson (1994) að heyrnarlausir séu minnihlutahópur sem á erfitt með að koma á framfæri upplýsingum vegna þess að fáir geta skilið málið þeirra. Það má segja að heyrnarlausir lendi í miklum hindrunum og eigi erfitt með að hafa samskipti við þá sem kunna ekki táknmál.

Guðbjörg Ragnarsdóttir (2009) er sammála Gunnari Salvarssyni (1994) í meistararitgerð sinni, þar sem hún segir að út frá læknisfræðilegu sjónarhorni séu heyrnarlausir ekki heilbrigt fólk og þurfi að fá fagaðila til að hjálpa þeim til að ná bata, sem má dæmi taka um kuðungsígræðslu eins og áður hefur komið fram. Hins vegar telur Guðbjörg að félagslega sjónarhornið byggist á því að heyrnarlausir hafi skerðingu sem fatli þá, og því má segja að fötlun sé félagslegt fyrirbæri sem umhverfinu beri að hjálpa við að yfirstíga. Þeir sem telja að félagsleg sjónarmið eigi frekar við heyrnarlausra eiga við mál og menningu heyrnarlausra. Þannig má segja að heyrnaskerðingin sé ekki fötlun, en vegna þess að umhverfið sé ekki táknmálstalandi, þá verður einstaklingurinn fatlaður (Guðbjörg Ragnarsdóttir, 2009).

Heyrnarlaust fólk er venjulegt fólk sem lifir venjulegu lífi innan íslensks samfélags en talar annað mál og á að stórum hluta aðra menningu en þeir sem eru heyrandi.

Algenzt er að heyrandi telji að heyrnarlausir séu fatlaðir einstaklingar, en heyrnarlausir eru stoltir af uppruna sínum og móðurmáli, táknmálinu. Þannig má segja að þegar samskipti á milli heyrnarlausra og heyrandi eru þá verður upplýsingaflæði stundum minna en ætti að vera (Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, 2006). Hægt er að bæta heyrnarlausum upp með aðgengi að upplýsingum og táknmálstúlkum. Einnig að fleiri læri táknmálið. Þannig geta heyrnarlausir lifað eins og hverjir aðrir ef það er fullkomið aðgengi fyrir þá.

## **2.6. Tvítyngi**

Innflytjendur á Íslandi eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli en með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Á Íslandi hafa heyrnarlausir einstaklingar tvö mál, annars vegar íslensku sem er lærð í gegnum lestur og ritun og hins vegar táknmál sem er samskiptamálið. Það má segja að íslenska sé tungumálið sem Íslendingar nota til samskipta í ræðu og riti. Heyrnarlausir tala táknmál og er það fyrsta mál þeirra en íslenska er annað mál. Þau læra hana síðar og fæstir eru góðir í henni.

Með orðinu tvítyngi er átt við að viðkomandi hafi vald á tveimur tungumálum og geti nýtt sér þau til framdráttar í tveimur menningarheimum (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007). Þegar talað er um tvítyngi heyrnarlausra er átt við að bæði málin séu móðurmál þeirra. Táknmálið er kennslu –og samskiptamál í daglegu lífi og það tengist samfélagi heyrnarlausra. Birtingarmynd þjóðtungunnar er ritmál og stundum talmál. Kunnátta í hvoru máli fyrir sig getur verið mismikil og fer eftir aðgangi þeirra að málinu í umhverfinu. Þessi áhersla á tvítyngi og menningu á vaxandi fylgi að fagna í heiminum og felur í

sér viðkenningu á því að heyrnarlausir tilheyri málminnihlutahóp (Guðbjörg Ragnarsdóttir, 2009).

Þannig má segja að heyrnarlausir séu með tvö mál sem þarf að kunna til að búa á Íslandi, annars vegar íslenskuna til lesturs og skriftar. Hins vegar íslenskt táknmál til samskipta við aðra sem tala táknmál eða í gegnum táknmálstúlk.

## 2.7. Táknmálstúlkun

Táknmálstúlkun er frekar ný starfsrétt (Stewart, Schein og Cartwright, 1998). Kennt hefur verið til BA prófs í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands síðan 1994 (Ástríður Stefánsdóttir, 2007). Fyrstu menntuðu táknmálstúlkarnir á Íslandi útskrifuðust úr Háskóla Íslands haustið 1997. Fyrsti vísir að táknmálstúlkaþjónustu var starfræktur við Vesturhlíðarskóla frá árinu 1986 (Júlía G. Hreinsdóttir, 2002). Árið 1990 var Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra stofnuð og hefur rekið túlkþjónustu síðan þá.

Heyrnarlausir þurfa að nota táknmálstúlka við ýmsar aðstæður, svo sem hjá lækni, í skóla, hjá sálfræðingi og alls staðar þar sem samskipti heyrandi og döfð eiga sér stað (Cokely, 1992). Þegar táknmálstúlkur túlkar frá talmáli yfir á táknmál jafnóðum er talað um *táknmálstúlkun*. Þegar táknmálstúlkur túlkar úr táknmáli yfir á raddmál er talað um *raddtúlkun*. Táknmálstúlkur er brú á milli tveggja menningarheima. Því ekki eru einungis túlkuð töluð orð, heldur líka önnur tjáning sem notuð er og er leitast við að koma menningarmun til skila þannig að upplifun þeirra sem eiga í samskiptum sé sem áþekkust. Þar sem táknmál er ekki alþjóðlegt er starf táknmálstúlks aðallega fólkið í því að túlka á milli íslensk táknmáls og talaðrar íslensku og í einstaka tilfellum milli erlends raddmáls og íslensks táknmáls. Táknmálstúlkur eru bundnir trúnaði og það er einn mikilvægasti grundvöllur starfsins og nær bæði til einstaklinga og staða (Árný Guðmundsdóttir og Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, 2007).

Heyrnarlausir sem eru viðskiptavinir táknmálstúlka þurfa að fá upplýsingar úr

samfélaginu, svo sem á námskeiðum, í skólum, hjá lækni og almennt þar sem talmál er ríkjandi. Aðrir viðskiptavinir táknmálstúlka eru heyrandi sem þurfa að hlusta eða eiga samskipti við heyrnarlausra (Humphrey og Alcorn, 1997).

Táknmálstúlkar þekkja menningu heyrnarlausra, siði og venjur samfélagsins. Þekking á samfélaginu og menningu heyrnarlausra, kunnátta og færni í báðum málunum ásamt jákvæðu viðhorfi er mikilvægt fyrir táknmálstúlka til að geta unnið innan samfélagsins og skapað traust á milli aðila.

Nokkuð margir heyrnarlausir innflytjenda hafa nýtt sér túlkapjónustu. Þá hafa komið upp tilvik þar sem erlendir heyrnarlausir hafa getað nýtt sér túlkapjónustuna hér á landi en slík þjónusta er háð ákveðnum skilyrðum. Túlkapjónustan er lykill að þátttöku heyrnarlausra í íslensku samfélagi og mikilvæg til að tryggja jafnrétti og sjálfræði í þjóðfélaginu (Fanneý Ingólfssdóttir, 2007).

Það er óæskilegt að vinur, einhver úr fjölskyldunni eða vinnufélagi fari í hlutverk túlks og enn fremur er ósættanlegt að börn túlki. Táknmálstúlkur er hlutlaus og blandar sér ekki inn í umræðurnar (Ástríður Stefánsdóttir, 2007). Þannig að þegar heyrnarlaus einstaklingur þarf á túlki að halda á að panta faglærðan táknmálstúlk. Þannig geta allar upplýsingar komist til skila á réttan hátt.

## **2.8. Aðgengi að upplýsingum**

Þeir sem búa yfir lítilli færni í íslensku, hafa upplifað skort á upplýsingum. Einnig er erfitt að fylgjast með eða taka þátt í umræðum í fjölmiðlum. Þeir sem hafa best vald á íslensku geta aflað upplýsinga og náð góðum tengslum við aðra Íslendinga (Hallfríður Þórarinsdóttir o.fl., 2009). Þetta er einkennandi fyrir einstaklinga í samfélagi heyrnarlausra, því þeir fá litlar eða engar upplýsingar þar sem margar umræður í þjóðfélaginu, hvort sem er í útvarpi eða í sjónvarpi, fara fram hjá þeim.

Táknmál er mikilvægasta uppspretta þekkingar fyrir heyrnarlausra og leið til að taka þátt í íslenskri fræðslu táknmáls og menningu heyrnarlausra (Evrópusamband heyrnarlausra, 1997). Oft leita heyrnarlausir til Félags heyrnarlausra til að fá upplýsingar, stuðning, útskýringu á samhengi hluta (Hafdís Gísladóttir, 2008).

Valgerður Stefánsdóttir (2005) komst í meistararitgerð sinni að því að heyrandi fá ókeypis upplýsingar sem geta verið þeim mikilvægar. Heyrnarlausir hafa ekki aðgengi að upplýsingum eða íslensku og geta því misst af tækifærum til að afla þekkingar og upplýsinga. Í meistararitgerð Valgerðar kom fram að heyrnarlausir benda á að það sé í valdi heyrandi um hversu miklar upplýsingar og þá hvaða upplýsingar heyrnarlausir fá. Með þessu er verið að skilgreina að heyrandi geta nálgast upplýsingar án þess að þurfa hafa fyrir því, ókeypis upplýsingar. Heyrnarlaust fólk finnur að það missir af þekkingu, tækifærum og upplýsingum í samfélagi hvort sem er í tengslum við atvinnuþátttöku þeirra eða í einkalífinu. Þá kom fram að heyrnarlausir hafa lent í valdalausri stöðu og orðið veikari í samkeppni og þátttöku í samfélaginu. Þannig eru heyrandi í yfirburða stöðu og sterkari gagnvart heyrnarlausum (Valgerður Stefánsdóttir, 2005).

Í rannsókn Guðmundar og Heklu frá árinu 2004 kemur fram að heyrnarlausir virðast eiga meiri samskipti við heyrandi einstaklinga nú en var áður, þar sem almenningur virðist hafa meiri áhuga á að læra táknmál, meiri framboð textaðs efnis í sjónvarpi og betri tækni eins og netið (Guðmundur Ævar Oddsson og Hekla Gunnarsdóttir, 2004).

## **2.9. Einangrun og félagsskapur**

Heyrnarlausir hafa alltaf komið saman til þess að hafa félagsskap hver af öðrum, leita ráða og skiptast á skoðunum. Fyrir stofnun Félags heyrnarlausra hittust döff oft heima hjá hver öðrum og voru þá heimilin félagsheimili (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010).

Heyrnarlausir eru mikið einangraðir sem þýðir að heyrnarlausir geta lítið nýtt það sem er í boði í nútíma samfélagi (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989). Heyrnarlaust fólk er almennt einangrað innan heyrandi samfélags og geta ekki tekið þátt í umræðum innan hennar, þar sem ekki er talað táknmál. Þess vegna skipta tengsl við aðra heyrnarlausa mjög miklu máli og þau tengsl koma í stað t.d. fjölskyldutengsla. Í samfélagi heyrnarlausra er að finna vináttu, möguleika á raunverulegum samræðum, og aðgengi að upplýsingum. Reynslan sýnir að þegar heyrnarlausa einstaklinga vantar stuðning, útskýringu á samhengi hluta eða upplýsinga leita þeir gjarnan til Félags heyrnarlausra í stað þess að leita til t.d. fjölskyldunnar (Hafdís Gísladóttir, 2008).

Vegna sérstöðu heyrnarlausra innflytjenda hafa þeir komið saman þar sem aðrir heyrnarlausir eru og myndað tengsl. Heyrnarlausir eiga margt sameiginlegt (Toft, 2006a). Það er mikil hætta á að heyrnarlausir innflytjendur verði einangraðir en þeir geta átt góð samskipti í gegnum félög heyrnarlausra eða klúbba. Þess vegna er mikilvægt fyrir nýja innflytjendur að hitta aðra heyrnarlausa strax til að aðlagast (Sveriges Dövas Riksförbund, e.d.).

Hópur heyrnarlausra útlendinga á Íslandi sem er ein deild innan Félags heyrnarlausra var stofnuð þann 27. júní 2009. Markmið deildarinnar er að hvetja erlenda heyrnarlausa til þátttöku í íslenskri menningu. Helstu áherslumálin eru að aðstoða erlenda heyrnarlausa að kynnast íslensku þjóðfélagi, að upplýsa heyrnarlausa um þau réttindi sem þau hafa á Íslandi og standa fyrir fjölbreyttri dagskrá sem sameinar íslenska og erlenda heyrnarlausa (Félag heyrnarlausra, e.d.a). Sama gerðist í Danmörku þegar var stofnaður var alþjóðlegur klúbbur á árinu 2000, þar sem koma saman um 30 til 40 manns í hvert skipti. Í klúbbnum eru 17 heyrnarlausir innflytjendur og það er gert margt til gamans. Í klúbbnum eru fyrirlestrar, keila, bingó, grill, nestisferð og margt fleira sem allir aðrir heyrnarlausir geta tekið þátt í. Ef danskir heyrnarlausir innflytjendur hefðu ekki farið þessa leið, hefðu þeir án efa einangrast enn meira (Toft, 2006b).

### **3. Heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi**

Árin 2006 og 2007 fluttust margir innflytjendur til Íslands eða fyrir bankahrunið þegar næga atvinnu var að fá. Þá komu 35 heyrnarlausir innflytjendur til Íslands í atvinnuleit og í leit að betra lífi á Íslandi. Flestir heyrnarlausir innflytjendur eru frá Póllandi og Litháen. Til samanburðar fluttust um undir tíu heyrnarlausir innflytjendur til Íslands á árunum 1950 til 2005. Þannig er auðvelt að sjá að döff fólki í samfélagi Íslands hefur fjölgað gríðarlega mikið. Þetta var stór hluti af fjölda heyrnarlausa á Íslandi sem telur um 200 til 300 manns.

#### **3.1. Mikið um heyrnarlausa innflytjendur í fréttum**

Í ársbyrjun 2007 var mikið rætt um fjölgun heyrnarlausra innflytjenda í fjölmiðlum. Þá kom fram að ekki væri hægt að veita fólkinu viðunnandi þjónustu, t.d. var skortur á táknumálstúlkum. Þetta fólk var í atvinnuleit og langaði til að búa á Íslandi (RÚV, 2007; Sjónvarpið, 2007). Í lok febrúar 2007 höfðu 18 heyrnarlausir innflytjendur komið til Íslands á tveggja ára tímabili, þar af 9 manns í febrúar 2007. Þá var búist við tíu til viðbótar í mars 2007. Þá yrðu innflytjendur 37 manns (RÚV, 2007).

#### **3.2. Heyrnarlausir innflytjendur fá ekki sérmeðferð**

Í fréttunum kom fram að það væri athyglisvert hversu margir heyrnarlausir innflytjendur vildu flytjast til Íslands, og spurði fréttamaður hvort í gildi væru aðrar reglur en um heyrandi varðandi réttindi til dvalar eða atvinnuleyfis. Það voru í sjálfu sér sömu kröfur eins og til annarra. Í fjölmiðlum kom fram að heyrnarlausir innflytjendur fá ekki sérstaka meðferð vegna atvinnuleyfis eða

dvalarleyfis. Í viðtali við Hildi Dungal þáverandi forstjóra Útlendingastofnunar kom fram að heyrnarlausir innflytjendur sækja um eins og aðrir innflytjendur, ef þeir koma frá ríkjum utan EES svæðsins þurfa þeir að vera með dvalarleyfi og atvinnuleyfi eftir atvikum, fyrir komu, þannig að fólk getur í rauninni ekki komið til Íslands nema þá bara sem ferðamenn og hugsanlega leitað sér að vinnu, en til þess að geta fengið leyfi þá yrði viðkomandi að fara aftur. Ekki gátu heyrnarlausir útlendingar verið á landinu og sótt um atvinnu á sama tíma, því leyfi þurfa að vera til staðar fyrir komu þeirra. Aðrar reglur gilda um EES borgara, eins og þá sem eru frá Austur Evrópu svo sem Póllandi. Þeir mega að koma og leita að sér vinnu og að þremur mánuðum liðnum geta þeir sótt um dvalarleyfi og verið á landinu. Hins vegar þarf fólk að hafa sjúkratryggingar frá heimalandinu sínu fyrstu sex mánuðina eða leggja fram e-vottorð sem sýnir tryggingu sem er lögð fram fyrir dvalarleyfinu, en koma svo í heilbrigðiskerfi á Íslandi eftir sex mánuði og geta því fengið þjónustu eins og aðrir Íslendingar. Hins vegar eiga heyrnarlausir innflytjendur rétt á táknmálstúlkum, t.d. hjá lækni (Bylgjan, 2007).

### **3.3. Heyrnarlausir eru ekki mállaus**

Í gamla daga var algengt viðhorf heyrandi um að heyrnarlausir væru mállausir vegna þess að heyrnarlausir tala mál sem heyrandi fólk skilur ekki.

Heyrnarlausir sem tala táknmál eru ekki mállausir (Rannveig Sverrisdóttir, 2007). Í frétt Bylgjunnar þann 1. mars 2007 kom þannig fram að „fólk sem koma til landsins er nánast alveg mállaust, það skilur ekki táknmálið sem að talað er hér til dæmis er ekki alþjóðlegt táknmál, þetta er íslenskt táknmál“ (Bylgjan 2007). Það má segja að heyrnarlausir innflytjendur sem komu til Íslands kunnu ekki íslensku og kunnu ekki íslenska táknmálið. Þeir kunnu sína þjóðtungu, sitt táknmál og nokkrir kunnu ensku.

### **3.4. Engin áætlun um móttöku heyrnarlausir innflytjenda**

Í fréttum Sjónvarpsins (2007) kom fram að fjöldi heyrnarlausra innflytjenda hafi komið mörgum í opna skjöldu þar sem ekki voru til úrræði til að taka á móti fólki eins og þarf að gera. Á þessum tíma var skortur á táknmálstúlkun og ekki nóg af táknmálsnámskeiðum og námsefni fyrir heyrnarlausa Íslendinga. Því var ljóst að ekki voru næg úrræði til staðar fyrir heyrnarlausa innflytjendur sem vildu koma til Íslands. Heyrnarlausir innflytjendur tala ekki sama táknmál og íslenskir heyrnarlausir því táknmál er sérstakt í hverju landi fyrir sig (Sjónvarpið, 2007). Ljóst var að þetta var stórt verkefni sem þurfti að sinna betur ef taka ætti á móti þessum hópi eins og öðrum innflytjendum á Íslandi. Eins og áður hefur komið fram þá liggur munurinn á hópi heyrnarlausra innflytjenda og heyrnarlausra Íslendinga í táknmálinu, því það er ekki það sama.

### **3.5. Fjöldi heyrnarlausra innflytjenda**

Samkvæmt upplýsingum frá Félagi heyrnarlausra eru heyrnarlausir af erlendum uppruna um 30 manns í félaginu í dag. Ef þessi fjöldi er skoðaður út frá fjölda heyrnarlausra á Íslandi sem telst vera 200 til 300 manns má áætla að hann sé um 10% til 15% af samfélagi heyrnarlausra. Félagsmenn í Félagi heyrnarlausra eru um 180 manns og fjöldi innflytjenda í félaginu því 17%.

Þegar þessar tölur eru bornar saman við tölur frá Danmörku kemur fram að fjöldi heyrnarlausra innflytjenda í Danmörku er 200 manns og heildarfjöldi heyrnarlausra um 4.000 einstaklingar. Það þýðir um 5% af heildarfjölda (Toft, 2006a). Það er alveg ljóst að fjöldi heyrnarlausra innflytjenda á Íslandi er þrefalt meiri en í Danmörku. Ráðgjafi hjá Félagi heyrnarlausra hefur haldið utan um fjölda innflytjenda þar sem þeir þurfa á einhvers konar aðstoð að halda og ganga í félagið. Sama hefur gerst í Danmörku, þar sem starfandi ráðgjafar hafa náð að tala við alla heyrnarlausa innflytjendur sem þurfa aðstoð og þannig er hægt að fá upplýsingar um þá (Toft, 2006a).

Ef borinn er saman fjöldi heyrnarlausra innflytjenda, sem taldist vera 41 manns þegar mest var á árinu 2007 eða um 13% til 20% af fjölda heildarfjölda heyrnarlausra á Íslandi, við fjölda félagsmanna sem taldist um 190 manns á þessum tíma eru það tæp 22% af fjölda félagsmanna í Félagi heyrnarlausra og fjölda innflytjenda sem var 8,1% af fjölda fólks sem býr á Íslandi. Þarna kemur í ljós að heyrnarlausir innflytjendur voru um tvöfalt til þrefalt fleiri en almennir innflytjendur.

Eins og hefur komið fram hefur fjöldi heyrnarlausra innflytjenda fækkað úr 41 niður í 30 manns. Því hefur fjöldi félagsmanna í Félagi heyrnarlausra fækkað aðeins á þessum tíma. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi heyrnarlausra eru margar ástæður fyrir þessari fækkun og ekki hægt að segja hvort það sé einungis vegna atvinnuleysis. Helstu ástæður er persónulegs eðlis en fjölmargar ástæður liggja að baki þess að fólk vill snúa heim <sup>1</sup>.

---

<sup>1</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnleg heimild, 18. ágúst 2010).

## 4. Framkvæmd rannsóknar

Í rannsókn þessari er notuð eigindleg (*e. qualitative*) aðferð til að safna gögnum. Þá voru tekin viðtöl við tíu einstaklinga og nokkra aðra aðila sem hafa unnið með eða komið að málefnum heyrnarlausra innflytjenda á einn eða annan hátt. Tilgangur þessara viðtala er að fá tilfinningu fyrir hvernig stöðu heyrnarlausra innflytjenda er háttað á Íslandi.

Undirbúningur vegna rannsóknarinnar hófst í desember 2009. Haft var samband við formann hóps heyrnarlausa útlendinga á Íslandi sem er starfræktur innan Félags heyrnarlausra og hann upplýstur um rannsóknina. Þá var haft var samband við nokkra heyrnarlausa innflytjendur og þeim kynnt rannsóknin. Viðtölin fóru fram sumarið 2010.

### 4.1. Rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn var að mestu leyti notast við skrifleg gögn, fræðileg rit, fræðibækur, greinar, skýrslur, ásamt því að stuðst var við efni úr fjölmiðlum og af heimasíðum við gerð hennar.

Helstu leiðir til gagnaöflunar í rannsóknum er í gegnum samskipti, svo sem með spurningakönnun eða/og viðtölum (Ghauri og Grønhaug, 2002). Sú aðferð sem notast var við í þessari rannsókn nefnist eigindleg rannsóknaraðferð sem fólst í opnum viðtölum.

Viðtölin fóru fram á íslensku táknmáli þar sem innflytjendur höfðu vald á því eða eru orðnir nokkuð góðir í því. Mjög misjafnt var hvernig íslenskukunnáttu viðmælenda var háttað en sumir höfðu náð nokkuð góðu valdi á íslensku á meðan öðrum hefur ekki tekist það jafn vel.

## 4.2. Eldri rannsóknir

Það hafa verið gerðar margar rannsóknir um aðlögun, aðstæður og/eða um stöðu innflytjenda á Íslandi (Ragna Lára Jakobsdóttir, 2007), en ekki áður gerð rannsókn um stöðu heyrnarlausra innflytjenda á Íslandi.

Rannsóknir á íslenska táknmálinu og menningu og sögu heyrnarlausra á Íslandi eru mjög stutt á veg komnar (Táknsmiðjan e.d.).

Árin 1988 og 2004 lét félags- og tryggingamálaráðuneytið gera könnun á félagslegri stöðu heyrnarlausra (Hafdís Gísladóttir, 2008).

Árið 2005 var gerð rannsókn á líðan heyrnarlausa á Íslandi, þar sem Rannsóknir & greining sáu um rannsóknina. Markmið rannsóknarinnar var að kanna líðan, samskipti og áföll, svo sem kynferðislega misnotkun hjá heyrnarlausum á Íslandi. Rannsóknin var kynnt í fjölmiðlum í janúar 2007.

Á árinu 2009 var starfsemi Heyrnleysingjaskólans fyrir árin 1947 til 1992 könnuð. Rannsóknarnefnd var sett á vegum forsætisráðuneytis sem átti að kanna aðbúnað og meðferð nemenda í skólanum. Fyrirverandi nemendum skólans var boðið í viðtal hjá rannsóknarnefndinni. Rannsóknin kom svo út í september 2009 (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010).

Valgerður Stefánsdóttir (2005) skrifaði meistararitgerð á árinu 2005 sem nefnist „Málsamfélag heyrnarlausra“ og fjallar ritgerðin um reynslu og samfélagsþátttöku heyrnarlausa einstaklinga og skilning þeirra á eigin lífi og stöðu innan íslensks samfélags.

Guðbjörg Ragnarsdóttir (2009) skrifaði meistararitgerð sem nefnist „Stundum er gott að hlusta“, sem er rannsókn á hugmyndum og skoðunum heyrnarlausra um blöndun í skólum.

Nokkrir nemendur háskólanámi og í framhaldsháskólanámi hafa skrifað um heyrnarlausa og/eða táknmál í lokaritgerðum en ekki hafa verið gerðar frekari rannsóknir um stöðu heyrnarlausra og íslenska táknmálsins.

### 4.3. Um rannsóknina

Markmið verkefnisins er að skoða hvernig heyrnarlausum innflytjendum hefur tekist að aðlagast lífinu á Íslandi. Gildi verkefnisins er upphaf að þarfagreiningu um stöðu heyrnarlausra innflytjenda sem gæti nýst hagsmunasamtökum og stjórnvöldum.

Við val á viðmælendum í hópi innflytjenda var notað tilviljunarúrtak, þar sem talað var við viðmælendur í Félagi heyrnarlausra þar sem félagsmenn koma saman. Skýrsluhöfundur er sjálfur félagsmaður í félaginu. Þessi aðferð var talin betri þar sem betra var að hitta viðmælendur og útskýra rannsóknina á táknmáli. Hlutföll kynja var nokkurn veginn jafnt.

Haft var að leiðarljósi að í framsetningu niðurstaðna komi ekki fram persónuupplýsingar og þær eru ekki persónugreinanlegar. Viðtölin voru tekin á íslensku táknmáli, enda höfðu flest eða allir viðmælendur náð valdi á málinu.

Tilkynning var send til Persónuverndar um rannsóknina. Ekki er hægt að rekja svör til einstaklinga. Þá var farið með öll gögn samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd.

### 4.4. Rannsóknarspurning

Rannsóknarspurningin snýst aðallega um hvernig heyrnarlausum innflytjendum hefur tekist að aðlagast að íslensku samfélagi. Tilgátan er sú að staða þeirra sé veikari en venjulegra innflytjenda. Heyrnarlausir innflytjendur eru að aðlagast því að búa í nýju landi, fá takmarkaðar upplýsingar eins og aðrir heyrnarlausir og hafa lakara aðgengi að upplýsingum en aðrir í landinu. Heyrnarlausir innflytjendur þurfa að fá upplýsingar á táknmáli og þurfa að læra tvö mál, íslensku og íslenskt táknmál. Hugsanlega er ekki búið að hugsa mikið um hvernig er hægt að veita þeim upplýsingar. Hugsanlega er staða þeirra

veikari en heyrnarlausra Íslendinga vegna skorts á aðgengi að upplýsingum á íslensku.

## 5. Heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi

Ef til vill má segja að það sé óvenjulegt að fólk sem er fatlað flytji í nýtt land til að prófa að búa í landinu og jafnvel að reyna að fá ný tækifæri á vinnumarkaði á sama hátt og þeir sem eru ófatlaðir. Eðlilegt getur talist að fólk leiti að betra lífi og framtíð og sé því tilbúið að flytja. Segja má að heyrnarlausir innflytjendur séu eiginlega þeir einu úr hópi fatlaðra sem hafa flust til Íslands í atvinnuleit. Eins og hefur komið fram þá telja heyrnarlausir sig ekki vera fatlaða, þeir telja sig frekar vera málminnihlutahóp. Hér á eftir verður það helsta rakið sem fram kom í viðtölunum og greining á þeim.

### 5.1. Ástæða komu til Íslands

Flestir viðmælendur sem haft var samband við sögðust hafa komið til Íslands vegna þess að auðvelt var að fá vinnu á þeim tíma sem þeir fluttust til landsins. Margir þeirra höfðu ekki ákveðið sérstaklega fyrirfram að flytja til Íslands. Flestir voru í leit að betra lífi. Áður en þeir komu til Íslands, leituðu þeir að upplýsingum á netinu um land þar sem hugsanlega væri gott að fá vinnu og gott væri að búa. Landið Ísland kom upp og var mælt með því á mörgum stöðum. Það væri því tilvalinn staður fyrir fólkið að prófa eitthvað nýtt.

Þannig má segja að heyrnarlausir innflytjendur hafi aðallega komið til Íslands vegna atvinnuleitar og betra lífs. Á árunum fyrir bankahrunið var góðæri og þá var nóg um atvinnu. Þess vegna voru heyrnarlausir innflytjendur að leita að sér vinnu og fundu vinnu svo til strax og þau komu til landsins á árunum 2006 og 2007<sup>2</sup>.

---

<sup>2</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnleg heimild, 18. ágúst 2010).

## 5.2. Innganga í kerfið

Þegar er talað um inngöngu í kerfið er átt við fólk fái kennitölu, skrái lögheimili, fái vinnu og dvalarleyfi og þess háttar. Allir viðmælendur sögðust hafa fengið aðstoð frá öðrum vinum, svo sem heyrnarlausum Íslendingum eða öðrum heyrnarlausum innflytjendum sem voru búnir að koma sér fyrir og kunnu á kerfið.

Oftast sáu atvinnurekendur um útvega kennitölu hjá Þjóðskrá og aðstoðuðu við annað sem þurfti að gera í tengslum við starf þeirra. Í nokkrum tilvikum áttuðu viðmælendur ekki á sig hvaða stofnun var verið að tala um, þar sem atvinnurekendur og/eða vinir þeirra aðstoðu við að fylla út umsóknir og þess háttar. Gera má ráð fyrir að ferlið hafi verið nokkuð óljóst fyrir heyrnarlausa innflytjendur, þ.e. þau vissu ekki alveg hvert var hlutverk hverrar stofnunar fyrir sig.

Í sumum viðtölunum kom fram að þeim finnst kerfið á Íslandi svolítið ruglingslegt, þ.e. þau þekkja ekki alveg rétt sinn og skyldur sína. Sama má segja um danska kerfið fyrir heyrnarlausa innflytjendur í Danmörku. Þeir telja það stundum ruglingslegt eða óskiljanlegt. Heyrnarlausir innflytjendur í Danmörku fá stundum bréf frá stjórnvöldum eða stofnunum í Danmörku, á dönsku sem þeir skilja ekki (Toft, 2006a). Sama er uppi á teningnum hér á Íslandi þegar heyrnarlausir innflytjendur fá bréf eða skilaboð á íslensku sem þeir eiga svolítið erfitt með að skilja. Það má segja að heyrnarlausir innflytjendur séu að fá upplýsingar á máli sem þau skilja ekki. Flestir heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi fluttu hingað fyrir þremur til fjórum árum og eru ennþá að læra íslensku.

## 5.3. Atvinna

Flestallir innflytjendur virðast vera vel liðnir starfsmenn í fyrirtækjunum og yfirmenn þeirra virðast vera ánægðir með þá. Það var athyglisvert að margir þeirra og sérstaklega þeir sem eru yngri hafa nokkuð góða menntun og eru

með betri menntun en krafist var til starfa þeirra. Allt frá iðnskólaprófi til háskólaprófs. Það má segja að eldri íslenskir heyrnarlausir hafi lélega menntun vegna skorts á grunnmenntun og menntunartilboðum en þeir sem eru yngri hafi betri menntun (Valgerður Stefánsdóttir, 2005) sem er samsvarandi við viðmælendurna sem eru í yngri kantinum.

Á árinu 1996 var gerð rannsókn, þar sem kom í ljós að flestir fullorðnir innflytjendur unnu erfið og illa launuð störf við upphaf dvalar á Íslandi. Margir þeirra höfðu framhaldsmenntun og sumir jafnvel háskólamenntun. En þeir höfðu litla íslenskukunnáttu. Það þýðir að með því að hafa meiri hæfni í íslensku er meiri möguleiki á að fá starf í samræmi við menntun (Ragna Lára Jakobsdóttir, 2007). Sennilega má gera ráð fyrir að heyrnarlausir innflytjendur hafi ekki eins mikla möguleika á atvinnu vegna slakrar íslenskufærni.

Í félagslegri könnun um stöðu heyrnarlausa sem var gerð á árinu 1988 á Íslandi kom fram að heyrnarlausir eru vinnusamur og samhentur hópur með lágar tekjur. Heyrnarlausir geta unnið öll störf sem er að finna í samfélaginu, en í gamla daga var sagt við þau að þau gætu einungis orðið skráddarar, skóarar, smiðir eða saumakonur (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson, 1989).

Þá kom fram í viðtölum að heyrnarlausir innflytjendur eru almennt ánægðir í vinnu og telja sig eiga góða yfirmenn sem styðja þá. Þá eru þeir öryggir um vinnu, þ.e. þeir eru ekki hræddir við að missa vinnuna í efnahagskreppunni á Íslandi. Í einstökum viðtölum kom í ljós að erfiðara er fyrir heyrnarlausa að fá vinnu í heimalandinu vegna þess að heyrandi telja að öryggiskröfum sé ekki fullnægt séu heyrnarlausum við ýmis störf. Álitid er að heyrnarlausir geti ekki (og/eða megi ekki) vinna við þetta og hitt vegna þess að þau heyra ekki. Verið er að skerða líf skjör heyrnarlausa í nokkrum löndum.

Í viðtölum kom fram að helstu samskipti hópsins við aðra fara fram á ritaðri ensku, þ.e. flestir heyrnarlausir innflytjendur skrifa ensku og geta haft samskipti á ensku. En þau samskipti eru mjög lítil, ekki spjall um daginn og veginn, frekar útskýringar í stuttum setningum og mikilvægar upplýsingar.

## 5.4. Alþjóðahús

Hlutverk Alþjóðahúss er að auðvelda aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Þá hefur Alþjóðahúsið séð um upplýsingagjöf, ráðgjöf, túlkapjónustu og félagsstarf. Nú í sumar var lögfræði- og félagsráðgjafapjónustu fyrir innflytjendur hætt þar og flutt í Þjónustmiðmiðstöð Miðborgar og Hlíða og er þjónustan því nú vegum Reykjavíkurborgar. Alþjóðahús býður upp á fræðslu um innflytjendur fyrir Íslendinga (Alþjóðahús, 2006; 2010) <sup>3</sup>.

Hins vegar hefur Alþjóðahús ekki tekið á móti heyrnarlausum innflytjendum á sama hátt og öðrum innflytjendum þar sem heyrnarlausir innflytjendur tala táknmál. Alþjóðahús hefur enga táknmálstúlka á sínum snærum og enginn þar talar íslenskt táknmál (Sjónvarpið, 2007).

Enginn af viðmælendum hefur nokkurn tíma fengið þjónustu í Alþjóðahúsi enda hafði enginn þeirra fengið upplýsingar um hvaða þjónusta er veitt þar. Þó hefur einn og einn viðmælandi farið í Alþjóðahús og náð í bæklinga með upplýsingum.

Eins og fram hefur komið þá hefur ekki verið þjónusta í boði hjá Alþjóðahúsi fyrir heyrnarlausar innflytjendur því þar eru ekki táknmálstalandi starfsmenn né þekking til staðar á táknmáli. Þess vegna hefur þessi hópur frekar leitað til Félags heyrnarlausra eftir ýmiskonar aðstoð <sup>4</sup>.

## 5.5. Félag heyrnarlausra

Félag heyrnarlausra er fyrst og fremst hagsmunafélag fyrir heyrnarlausar á Íslandi. Félagið hefur veitt hvers konar ráðgjöf og álit sem snúa að málefnum heyrnarlausra. Markmið félagsins er að standa vörð um réttindi heyrnarlausra

---

<sup>3</sup> Erla Bolladóttir (tölvupóstur, 4. ágúst 2010).

<sup>4</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnleg heimild, 18. ágúst 2010).

og tryggja að heyrnarlausir njóti jafnræði hvarvetna í samfélaginu á grundvelli táknmáls. Félagið hefur unnið að því að styrkja stöðu íslensks táknmáls á undanförunum árum (Félag heyrnarlausra, e.d.b). Í félaginu eru starfandi táknmálstalandi starfsmenn sem sinna málefnum heyrnarlausra á ýmsum vettvangi á öllum aldurstigum. Í félaginu er starfandi ráðgjafi eða atvinnumálafulltrúi sem gefur ráðgjöf varðandi atvinnuleit og upplýsingar en áherslan er lögð á sjálfstæði heyrnarlausra. Sálfræðingur, ráðgjafi og hjúkrunarfræðingur hafa aðallega sinnt hópi innflytjenda í Félagi heyrnarlausra<sup>5</sup>.

## 5.6. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) er að vinna að rannsóknum á íslensku táknmáli, annast kennslu táknmáls og sinna táknmálstúlkun og annarri þjónustu sem fellur undir starfssvið stofnunarinnar. Starf Samskiptamiðstöðvar skal sérstaklega nýttast þeim sem nota táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem heyrnarlausum, heyrnarskertum, dauðblindum og fjölskyldum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á þjónustu við börn á máltökualdri og nemendur á öllum skólastigum. Samskiptamiðstöðin er þekkingar- og þjónustumiðstöð fyrir táknmálssamfélagið á Íslandi (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, e.d.).

Eins og hefur komið fram sinnir Samskiptamiðstöðin táknmálstúlkþjónustu og heyrnarlausir innflytjendur fá túlkþjónustu hjá SHH eins og hverjir aðrir heyrnarlausir Íslendingar. Túlkar Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra hafa ekki lært alþjóðlegt táknmál. Millitúlkur hefur verið kallaður til ef þurfa þykir. Þá hefur Samskiptamiðstöðin veitt heyrnarlausum foreldrum innflytjenda með nýfædd börn svokallaða máltökuráðgjöf<sup>6 7</sup>.

---

<sup>5</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnleg heimild, 18. ágúst 2010).

<sup>6</sup> Anney Þorvaldsdóttir, Fanney Ingólfssdóttir og Gerður Sjöfn Ólafsdóttir (tölvupóstur, 12. ágúst 2010).

<sup>7</sup> Valgerður Stefánsdóttir (tölvupóstur, 4. ágúst 2010).

## 5.7. Að læra málið

Haustið 2007 fékk Samskiptamiðstöðin styrk frá mennta- og menningamála ráðuneytinu til að halda námskeið í íslensku og í táknmáli fyrir heyrnarlausra innflytjendur. Þá þegar leituðu fulltrúar Samskiptamiðstöðvar eftir samstarfi við Mími-símenntun um þessa kennslu og varð að samkomulagi að Mímir-símenntun sæi um íslenskukennslu fyrir hópinn, en Samskiptamiðstöð um aðstoð við undirbúning, túlkun og stuðning við kennsluna ásamt kennslu í íslensku táknmáli. Þessi tilhögun var talin nauðsynleg þar sem Mímir-símenntun hafði ekki reynslu af kennslu heyrnarlausra né þekkti menningarlegan og samfélagslegan bakgrunn þeirra. Kenndar voru 30 kennslustundir í íslensku og 30 í íslensku táknmáli. Erfitt reyndist að skipuleggja námskeið og kalla saman þátttakendur með stuttum fyrirvara en 15 nemendur skráðu sig til námsins. Um var að ræða tvískiptan hóp af þátttakendum frá Póllandi og Litháen. Ekki hefur verið framhald á þessu samstarfi enda ekki fjármagn til staðar <sup>8</sup>.

Misjafnt er eftir einstaklingum hversu langt þeir eru komnir í íslensku en staða þeirra í íslensku er mjög veik. Nokkrir fóru á námskeiðið hjá Samskiptamiðstöð haustið 2007 en aðrir telja sig ekki hafa tíma til að fara á námskeið í íslensku. Nokkrir hafa farið á námskeið með táknmálstúlk. Sumum fannst ekki auðveld leið að læra íslensku með því að hafa táknmálstúlk, því þeir eru líka að læra íslenskt táknmál og því getur túlkun verið of hröð fyrir þau, sérstaklega fyrst þegar þeir voru að koma til landsins. Með öðrum orðum þá er verið að læra tvö mál á sama tíma. Viðmælendur fá táknmálstúlk sem talar íslenskt táknmál en það er það mál sem þeir læra til viðbótar við íslenskuna. Það er mjög misjafnt eftir einstaklingum hvernig það hefur gengið. Allir viðmælendur hafa mjög mikinn áhuga á að læra íslensku. Nokkur stéttarfélag styrkja þátttöku innflytjenda á íslenskunámskeiðum <sup>9</sup>. Margir hafa farið á námskeið hjá Mími-Símenntun en einhverjir lærðu íslenskuna úr netinu.

---

<sup>8</sup> Anney Þorvaldsdóttir o.fl. (tölvupóstur, 12. ágúst 2010).

<sup>9</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnleg heimild, 18. ágúst 2010).

Flestir viðmælendur höfðu náð nokkuð góðu valdi á íslensku táknmáli. Nokkrir þeirra sögðust hafa farið á námskeið hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra haustið 2007. Viðmælendur sögðust hitta aðra heyrnarlausa mjög oft og þannig lært táknmálið af þeim. Allmargir heyrnarlausir innflytjendur sögðust vera ennþá að læra táknmál og skilja ekki 100% þegar er verið að halda ræður á táknmáli.

Varðandi það hvernig hvernig best væri að skipuleggja íslenskunámskeið eru skiptar skoðanir. Sumum finnst nauðsynlegt að hafa íslenskunámskeið þar sem táknmálstalandi einstaklingur kennir á íslensku á táknmáli. Aðrir telja nóg að velja námskeið sem er í boði og fara með táknmálstúlki þar sem þeir hafa náð nokkuð góðu valdi á táknmálinu og vilja ekki fá of létt námskeið fyrir sig. Líklegast má telja af þessu að best sé fyrir heyrnarlausa innflytjendur að fá námskeið á íslensku þar sem leiðbeinandi er táknmálstalandi og að námskeiðið myndi henta þeim, þ.e. í boði á tveimur stigum. Ekki sé fullnægjandi að hafa eitt námskeið þar sem hver og einn er misjafnt á veg kominn í málinu.

Sveriges Dövas Riksförbund (e.d.) segir að heyrnarlausir innflytjendur sem koma til Svíþjóðar þurfi að byrja á að læra sænskt táknmál og svo sænsku. Þegar kennt sé á sænsku táknmáli sé auðveldara að læra að lesa og skrifa þjóðtunguna, sænskuna.

## **5.8. Táknmálstúlkun**

Táknmálstúlkur er lykill að samskiptum fyrir heyrnarlausa. Heyrnarlausir geta fengið upplýsingar og haft samskipti við aðra sem eru heyrandi í gegnum táknmálstúlka. Í viðtölunum kom fram að margir heyrnarlausir innflytjendur vissu ekki um þeirra rétt til túlkunar fyrst eftir komu þeirra til Íslands. Með öðrum orðum voru upplýsingar um þann rétt voru óljósar. Í sumum tilvikum leið eitt ár eða meira þar til að heyrnarlausir innflytjendur fóru að nota

táknmálstúlka. Þó voru einhverjir farnir að nota táknmálstúlk strax við komuna til landsins.

Allir höfðu einhverja reynslu af heilbrigðiskerfinu en virðist vera nokkuð óljóst um notkun táknmálstúlka. Félag heyrnarlausra hefur áður sent ábendingu um að virða þurfi rétt heyrnarlausra til táknmálstúlkunar og eins sendi landlæknisembætti út fréttatilkynningu á árinu 2003 um að virða þurfi óskir fólks um túlkun (Landslæknisembættið, 2003). Algengt var að heyrnarlausir innflytjendur fengju kunningja sína með sér til að túlka þegar höfð voru samskipti við heilbrigðisstarfsmann á fyrstu mánuðum dvalar sinnar á Íslandi. Heyrnarlausir á Íslandi og heyrnarlausir innflytjendur hafa jafnan rétt á táknmálstúlkun á Íslandi eins og áður hefur komið fram.

Lög eru til um rétt til upplýsinga sem hluti af grundvallar réttindum sjúklings. Samkvæmt 5. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 skal sjúklingi sem notar táknmál tryggð túlkun á upplýsingum. Heilbrigðisstarfsmönnum ber að sjá til þess að sjúklingar sem nota táknmál skilji þær upplýsingar sem veittar eru. Þá geta læknar eða aðrir starfsmenn í heilbrigðisgeiranum ekki lagt mat á það hvort sjúklingur þarf táknmálstúlk (Kristinn Jón Bjarnason, 2007). Ekki er æskilegt að nota fjölskyldu eða vini sem staðgengla túlka sem getur haft alvarlegar afleiðingar. Líklegra er að túlkunin verði röng og að aðstandur verði fyrir áhrifum af upplýsingum sem fram koma og geti þannig haft áhrif á upplýsingaflæðið. Þannig má segja að ef samskipti eru ekki góð er hættu á því að læknisþjónusta sé verri (Ástríður Stefánsdóttir, 2007; Chaptman og Doyle-Bates, 2007).

Sumir viðmælendur sögðu að stundum sé flókið að fá táknmálstúlk. Þeir eru ekki Íslendingar, en tala táknmál. Oft var misskilningur að þeir spurðir hvort sé nóg að hafa túlk eins og franskan túlk sem getur talað á frönsku og íslensku. Mat heyrandi var að óþarfi væri að hafa táknmálstúlk. Franski túlkurinn kann ekki táknmál og myndi því ekki geta komið skilaboðum áleiðis.

Í viðtölum kom fram að í sumum tilvikum er ekki hægt að fá túlk, vegna anna eða túlkur er ekki laus. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

getur ekki annað allri eftirspurn eftir táknmálstúlkum. Samskiptamiðstöðin hefur reynt að útvega túlka í öllum tilvikum eins og hægt er en stundum er það ekki hægt, því túlkar eru ekki lausir á þeim tíma sem óskað er eftir. Ekki er til túlkur sem er alltaf laus. Hins vegar leitast Samskiptamiðstöðin við að finna aðra tíma og er aðallega samvinna á milli túlkanotenda og Samskiptamiðstöðvarinnar <sup>10</sup>.

Viðmælendur segjast nota táknmálstúlka mikið en það er misjafnt eftir einstaklingum. Þó nokkrir hafa nýtt sér myndsímatúlkun en sú þjónusta er tiltölulega ný á Íslandi. Margir sögðu að túlkaþjónusta á Íslandi sé betri en í heimalandi þeirra. Táknmálstúlkar á Íslandi eru faglærðir, þar sem táknmálsfræði er kennd við Háskóla Íslands til BA-prófs í táknmálsfræðum og táknmálstúlkun (Háskóli Íslands, 2010).

## 5.9. Fræðsla á táknmáli

Mímir-símenntun er einkahlutafélag sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar. Fyrirtækið hóf starfsemi sína í janúar 2003 og er í eigu Alþýðusambands Íslands. Meginmarkmið Mímis-símenntunar er að bjóða upp á nám fyrir fullorðna, þróa námsleiðir og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar (Mímir, e.d.). Nokkrir heyrnarlausir innflytjendur hafa sótt námskeið í íslensku hjá Mími og nýtt til þess táknmálstúlka.

Á árinu 2009 gerði Draumasmiðjan-útgáfa mynddisk fyrir Mími sem nefnist „Íslenskt táknmál fyrir döff útlendinga“. Diskurinn er í tveimur þáttum. Fyrsti þáttur er *land og þjóð*, þar sem er fjallað um Ísland, menningu og mat og svo útlendinginn. Seinni þáttur heitir *samfélag og þjónusta* og er fjallað um þjónustu, úrræði, menntakerfi og einelti. Þetta er hluti námsgagna á táknmálsnámskeiði sem hannað er af Draumasmiðjunni fyrir Mími-símenntun í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausa innflytjendur. Mímir-símenntun fékk styrk frá Starfsmenntaráði á árinu 2008 til þess að gera fræðslupátt á táknmáli

---

<sup>10</sup> Fanney Ingólfssdóttir (munnleg heimild, 21. september 2010).

(Starfsmennaráð, 2008; Álafoss Productions, Draumasmiðjan útgáfa, Mímir-Símenntun, Elsa G. Björnsdóttir og Margrét Pétursdóttir, 2009). Diskurinn var kynntur hjá Félagi heyrnarlausra einn föstudag eftir að diskurinn var nýkominn út og var hann spilaður í skjávarpa<sup>11</sup>. Mímir-símenntun hefur reynt að fá hóp á námskeið til að nýta diskinn í gegnum Félag heyrnarlausra en ekkert hefur gengið. Ákveðið var að gefa þessa disk þeim sem vilja og er hægt að nálgast þá ókeypis hjá Félagi heyrnarlausra. Diskurinn er ekki með texta, en Mímir-símenntun hefur sótt um styrk núna í haust til Starfsmenntaráðs til námsefnisgerðar í samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur. Ætlunin er að nýta styrkinn, ef hann fæst, m.a. til að setja texta og tal inn á þennan disk svo hann nýtist heyrandi líka í íslenskukennslu<sup>12</sup>.

## 5.10. Upplýsingar og aðgengi

Heyrnarlausir á Íslandi hafa réttindi á forsendum tákn máls sem er tryggð á opinberum vettvangi. Túlkaþjónusta er veitt hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ekki er gerður greinarmunur eftir þjóðerni hvað þessa þjónustu varðar. Í einstökum tilvikum virðast heyrnarlausir innflytjendur hafa fengið tákn málstúlk og svo millitúlk í mikilvægum málum sem millitúlkur túlkar á alþjóðlegu tákn máli ef svo ber undir í mikilvægum málum til að fá 100% skilning á málinu þegar ennþá er verið að læra íslenska tákn málið<sup>13</sup>.

Heyrnarlausir virðast fara á mis við sjónvarpsefni vegna þess að tákn mála eða textun er ekki til staðar. Heyrnarlausir innflytjendur vilja gjarnan fylgjast með hvað er að gerast á Íslandi. Þeir fylgjast vel með tákn málsfréttum sem eru í boði í 6 til 8 mínútur á hverjum degi. Tákn málsfréttir eru aðeins brot af fréttum sem eru fluttar í fréttatíma Sjónvarpsins og hlýtur það að teljast takmarkað aðgengi að upplýsingum. Heyrnarlausir innflytjendur og Íslendingar greiða útvarpsgjald eins og heyrandi. Textun í Sjónvarpi virðist vera til staðar í

<sup>11</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnleg heimild, 18. ágúst 2010).

<sup>12</sup> Vala S. Valdimarsdóttir (tölvupóstur, 5. ágúst 2010).

<sup>13</sup> Anney Þorvaldsdóttir o.fl. (tölvupóstur, 12. ágúst 2010).

forunnu efni en í beinni útsendingu er allt ótextað, svo sem fréttatímar. Heyrnarlausir innflytjendur vilja gjarnan fá meira fréttæfni eða fræðsluefni á táknmáli í sjónvarpi. Auk þess vilja þeir fá textun á allt annað sjónvarpsefni. Þegar eldgos varð vorið 2010 í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi, vissu sumir heyrnarlausir innflytjendur ekki af því. Sumir fréttu það tveimur dögum síðar og þá í gegnum heyrnarlausa einstaklinga sem útskýrðu hvað gerðist. Þarna gerist það að heyrnarlausir fá ekki upplýsingar eins og aðrir Íslendingar, fréttirnar koma seinna (Félag heyrnarlausra, 2010).

Viðmælendur hafa aðgang að netinu og geta því aflað upplýsinga eins og t.d. fréttar. Oftast leita viðmælendur í heimasíður fréttamiðla í heimalandinu til að fá upplýsingar og á því máli sem þau skilja. Það virðist ekki vera mikið um að heyrnarlausir innflytjendur nýti sér íslenskar fréttasíður.

### 5.11. Fordómar

Birna Arnbjörnsdóttir (2007) segir að Íslendingar virðist vera tregir til að tala íslensku við útlendinga. Innflytjendur reyna að tala á íslensku en fá svör á ensku. Þetta getur dregið úr hvatningu að læra íslensku. Sama gerðist með einstaka viðmælendur. Þau reyndu að skrifa á íslensku en fengu svar á ensku. Ekki er hægt að staðhæfa að slíkt sé algengt með heyrnarlausa innflytjendur.

Þá kom fram í viðtölum að hindrun var í samskiptum við opinberar stofnanir, t.d. þegar var beðið um blað og penna. Starfsmenn urðu hissa, litu niður og voru hikandi að rétta blað og penna. Ætlun heyrnarlausa var að skrifa skilaboðin og hafa samskipti þannig við opinbera starfsmenn. Það var talið sjálfsagt í heimalandi þeirra. Það virðist vera eins og fólki finnist skrítíð að heyrnarlausir séu að skrifa á blað til að eiga samskipti frekar en að lesa af vörum. Ekki er hægt að alhæfa að svo sé. Engar ástæður eru fyrir hendi, aðeins tilgátur. Sennilega eru margir heyrnarlausir ekki góðir í íslensku vegna oralstefnunar sem var í gangi í menntakerfinu. Erfitt er að skrifa og skilja

skilaboð á íslensku. Önnur tilgáta er sú að það gæti verið algengt að heyrnarlausir reyni að gera skiljanlega með látbragði eða varalestri.

Sennilega er um að ræða þekkingarleysi hjá heyrandi. Ef til vill má segja að heyrnarlausir séu ennþá að glíma við fortíðardraug á Íslandi þar sem var lögð var áhersla á varalestur til að eiga samskipti við heyrandi á árum áður.

Heyrnarlausir innflytjendur finna meira fyrir þessu en heyrnarlausir Íslendingar. Það er líka vegna þess að líklega eru heyrnarlausir Íslendingar ekki vanir að skrifa á blað og nota frekar bendingar og látbragð. Líklegast er það vegna þess að margir heyrnarlausir Íslendingar eru ekki með grunnmenntun og því er íslenskuskilningur lélegur hjá þeim. Ef til vill má segja að heyrnarlausir hafi því ekki reynt að skrifa skilaboð af ótta við að þau yrðu misskilin. Sjálfur var skýrsluhöfundur í Bandaríkjunum í níu ár og var ekkert nema sjálfsagt að nota blað og penna til að eiga samskipti við heyrandi þarlendis.

## **5.12. Vinátta og félagsstarf**

Eins og fram hefur komið gegnir Félag heyrnarlausra stóru hlutverki í samfélagi heyrnarlausra. Í félaginu eru starfræktir klúbbar og deildir, sem félagsmenn þess geta tekið þátt í, svo sem íþróttafélag, æskulýðsfélag, félag eldri borgara, og félag hóps innflytjenda.

Viðmælendur segjast oft fara í félagið til að taka þátt í félagsstörfum eða hitta aðra heyrnarlausa. Samt finnst sumum heyrnarlausum innflytjendum að þeir séu að einhverju leyti einangraðir innan félagsins eða hópi heyrnarlausa. Þá er nefnd dæmi um að heyrnarlausir Íslendingar þekki hver annan vel. Það gæti verið erfitt fyrir aðra að komast inn í félagsskap þar sem allir þekkjast svo vel, en það er ekki hægt að alhæfa svo sé. Sennilega er það vegna þess að þeir eru ennþá að læra að búa á Íslandi. Heyrnarlaus hópur innflytjenda er mjög samhentur hópur, er tilbúinn til að læra meira og vera með.

Í viðtölum kom fram að heyrnarlausir finna frekar vini í öðrum heyrnarlausum sem er í samræmi við meistararitgerð Valgerðar Stefánsdóttur (2005). Stór hluti þeirra á vini í öðrum innflytjendum frekar en í íslenskum heyrnarlausum. Þá hafa heyrnarlausir innflytjendur frekar samskipti við vini sína en fjölskyldu sem er oftast heyrandi. Margir af heyrnarlausum innflytjendum eiga sér maka sem er heyrnarlaus líka og oft frá sama landi. Stór hluti heyrnarlausra velur sér almennt frekar maka sem er heyrnarlaus (Freeman o.fl., 1988).

### **5.13. Tengsl við heimaland**

Viðmælendur segjast að fara sem oftast heim til sín eða einu sinni á ári og dvelja þar í einn mánuð. Þetta er í samræmi við það sem Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska (2007) segja. Það er ekki öðruvísi með heyrnarlausa innflytjendur sem vilja fara heim til sín til að heimsækja ættingja og vini sína. Þó finnst heyrnarlausum innflytjendum að heimaland þeirra sé Ísland en ekki fæðingarlandið. Oft hafa heyrnarlausir innflytjendur samskipti við fjölskyldu sína í gegnum netið og virðist það ekki vera mikið mál.

## **6. Stefna stjórnvalda**

### **6.1. Jöfn tækifæri fyrir alla**

Í janúar 2007 samþykkti ríkisstjórn Íslands stefnu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Markmið stjórnvalda með stefnu í málefnum innflytjenda er að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu og á sem flestum sviðum mannlífsins. Í stefnunni kemur fram að fullorðnir innflytjendur bæði á vinnumarkaði og utan hans eigi að eiga kost á góðri íslenskukennslu. (Félagsmálaráðuneytið, 2007; Hallfríður Þórarinsdóttir o.fl. 2009).

### **6.2. Táknmál verði viðurkennt**

Íslenska málnefndin (2009) hefur sett sér markmið að lagaleg staða íslensks táknmáls verði tryggð og telur að nauðsynlegt sé að taka tillit til þeirra sem hafa íslenska táknmálið að móðurmáli. Einnig er brýnt að tryggja lagalega stöðu íslenska táknmálsins og þar með rétt þeirra sem hafa það að fyrsta máli. Oftar en einu sinni hefur verið lagt fyrir Alþingi frumvarp um íslenska táknmálið (nú síðast á 135. löggjafarþingi 2007–2008) en það hefur enn ekki náð fram að ganga. Íslenska málnefndin telur sjálfsagt að texta íslenskt sjónvarpsefni. Ekki sé allt textað og telja að gera megi betur í því (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2009).

### **6.3. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra**

Samningur Sameinuðu þjóðanna var staðfestur af Íslands hálfu í mars 2007. Með sáttmálanum er verið að viðurkenna að fatlað fólk er ennþá svipt

mannréttindum sínum. Íslensk stjórnvöld hafa ekki fullbókað sáttmálann því eftir er að setja efni sáttmálans í löggjöf og fullgilda hann.

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd um samninginn fyrir tveimur árum. Verkefni nefndarinnar er að kanna hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylli kröfur sem lagðar eru á þau ríki sem fullgilda samninginn.

Nefndin hefur komið með tillögu um að íslenska táknmál verði viðurkennt í því skyni að uppfylla nokkur ákvæði samningsins. Einnig hefur nefndin komið því að að textun á sjónvarpsefni yrði löggild skv. ákvæði 21. gr. samningsins. Löggilda þarf bæði textun og táknmálstúlkun almenns menningarefnis skv. 30. gr. samningsins. Í 21. grein er fjallað um tjáningarfrelsi, skoðanafrelsi og aðgang að upplýsingum. Tryggja þarf að fatlað fólk hafi aðgang að upplýsingum, sem eru ætlaðar almenningi á þann hátt að þær séu í aðgengilegu formi. Mikilvægt er að löggilda textun og táknmálstúlkun almenns menningarefnis (Félagsmálaráðuneytið, 2010; „Málþing um samning SP“, 2010).

#### **6.4. Framkvæmdanefnd í málefum heyrnarlausra**

Í desember 2009 samþykkti ríkisstjórn tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að sett verði á fót framkvæmdanefnd um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra. Málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra falla undir málefnasvið þriggja ráðuneyta: mennta- og menningarmálaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Ábyrgð á þjónustu við þennan hóp hefur verið dreifð í stjórnsýslunni og ítrekað komið fram ábendingar um skort á samhæfingu um framkvæmd þjónustunnar. Undir heilbrigðisráðuneytið heyrir Heyrnar- og talmeinastöð og undir mennta- og menningarmálaráðuneyti fellur Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálafyrivalda er veitt margskonar þjónusta m.a. á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Vegna málaflokksins renna

ennfremur fjármunir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á skólagöngu heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda í leik- og grunnskóla og þjónustu við þá en ríkið vegna náms í framhaldsskóla og sérhæfðari greiningar- og sérfræðiþjónustu. Nefndin hefur unnið að því að greina stöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þá eru einnig málefni heyrnarlausra innflytjenda skoðuð og hvernig er hægt að þjóna þeim. Nefndin mun koma með tillögu að samhæfðri þjónustu við þennan hóp og leggja til nauðsynlegar lagabreytingar í desember 2010 („Framkvæmdanefnd í“, 2010).

## 6.5. Önnur réttindi

Heyrnarlausir á Íslandi hafa réttindi á forsendum tákn máls sem er tryggð á opinberum vettvangi. Í lögum er að finna um réttindi um notkun táknmálstúlka í heilbrigðisgeiranum, í skóla og víðar.

Flestir heyrnarlausir á Íslandi eru metnir til 75% örorku, sem er fyrst og fremst hugsað sem öryggisnet fyrir heyrnarlausa eins og hverja aðra fatlaða.

Ástæðan fyrir þessu er að þeir sem eru heyrnarlausir eru oft fyrstir til að missa vinnu þegar harna fer í ári og þeir hafa litla möguleika til að skipta um vinnu, ef til vill einnig vegna menntunarleysis. Það er ekki auðvelt fyrir heyrnarlausa að leita að vinnu, t.d. er erfitt að tala í síma án túlks og þarf að hafa túlk þegar koma á í viðtal. Oft vinna heyrnarlausir lágláunavinnu sem ekki dugar fyrir þeim aukaútgjöldum sem koma vegna heyrnarleysisins (Félag heyrnarlausra, 2000).

Allir sem eru búsettir hér á landi teljast tryggðir í almannatryggingum, að uppfylltum öðrum skilyrðum, misjafnt eftir bótaflokkum, nema annað leiði af milliríkjasamningum og að Tryggingastofnun ákvarðar hvort einstaklingur telst tryggður í almannatryggingum hér á landi (Tryggingastofnun Ríkisins, e.d.).

Í lögum almannatrygginga kemur fram að einstaklingar sem eru metnir til 75% örorku og hafa átt lögheimili í þrjú ár eða meira geta sótt um örorkustyrk frá Tryggingastofnun Ríkisins.

Í sumar fengu fáeinir heyrnarlausir innflytjendur bréf á íslensku frá Tryggingastofnun Ríkisins um að örorkumat þeirra yrði felld niður. Um er að ræða innflytjendur frá evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þeim var sagt að þeir yrðu að skila örorkukortinu til Tryggingastofnunar. Á heimasíðu Tryggingastofnunar Ríkisins kemur fram að sá sem kemur frá EES-landi öðru en Norðurlöndum er áfram tryggður í sínu heimalandi og safnar ekki lífeyrisréttindum hérlandis. Einstaklingar sem búa hér á landi og hafa áður búið eða starfað í öðrum EES löndum og áunnið sér þar rétt til lífeyris eiga rétt á að fá lífeyri greiddan frá hverju landi um sig þegar lífeyrisaldri er náð eða þegar um örorku er að ræða að uppfylltum öðrum skilyrðum. Viðkomandi á hins vegar rétt á allri þjónustu hér á landi sem íslenskir lífeyrisþegar njóta, svo sem lækniaðstoð (Tryggingastofnun Ríkisins, e.d.).

Í viðtölum kom fram að þetta hafi skapað mikla óvissu og óþægindi um rétt heyrnarlausra innflytjenda. Staðan er nokkuð óljós um framhald á þessu.

## 7. Samantekt

### 7.1. Tvöfalt mál til að læra

Það má segja að staða heyrnarlausra innflytjenda sé ólík stöðu heyrandi innflytjenda. Stjórnvöld ákváðu að efla íslenskukennslu fyrir innflytjendur fyrir þremur til fjórum árum. Heyrnarlausir innflytjendur kunnu ekki íslenskt táknmál og heldur ekki íslensku þegar þeir fluttust til Íslands. Það má því segja að það hafi verið tvöfalt mál sem þeir þurftu að læra á Íslandi. Heyrnarlausir innflytjendur lærðu fljótt íslenska táknmálið af heyrnarlausum Íslendingum frekar en að fara á táknmálsnámskeið. Þá hlýtur vera erfiðara fyrir heyrnarlausa innflytjendur að læra íslensku af heyrandi og að hafa túlk sem talar íslenskt táknmál. En það er misjafnt eftir einstaklingum. Fyrir heyrnarlausa gæti verið svolítið snúið að sækja almennt nám í íslensku ef þeir kunna ekki íslenska táknmálið. Almennt þurfa heyrnarlausir að hafa með sér túlk á námskeiðum og í skólum. Táknmálstúlkar á Íslandi tala íslenskt táknmál og íslensku.

Heyrnarlaus börn læra ekki íslensku á sama hátt og heyrandi börn. Þau heyra hana ekki í umhverfinu og þurfa því að reiða sig á annars konar aðstæður til að læra hana. Táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra og hefur því mikilvæga þýðingu fyrir þroska þeirra, í lífi og starfi (Evrópusamband heyrnarlausra, 1997).

Heyrnarlausir innflytjendur í Svíþjóð tala ekki sænskt táknmál og geta ekki gert sig skiljanlega á sænsku táknmáli. Þannig geta þeir ekki nýtt sænsku táknmálstúlkana. Það er mikilvægt fyrir heyrnarlausa og heyrnarskertra að hitta aðra heyrnarlausa og læra táknmálið eins fljótt og hægt er til að komast inn í sænska kerfið, fá þjálfun í sænsku og á vinnumarkaði (Västanviks folkhögskola, e.d.). Það má því álykta af þessu að mikilvægt er að hafa

kunnáttu í íslensku táknmáli til þess að hægt sé að læra íslenskuna. Hægt er að kenna fyrst á íslensku táknmáli og hvetja þá svo til að hitta heyrnarlausa oft og fá þannig þjálfun í íslensku táknmáli.

## 8. Stefna í málefnum heyrnarlausra innflytjenda

### 8.1. Engin stefna á Íslandi

Í Danmörku eru starfandi ráðgjafar sem hafa það markmið að bjóða upp á þjónustu fyrir heyrnarlausum innflytjendum. Þeir bjóða upp á námskeið í dönsku táknmáli, dönsku og menningarsögu heyrnarlausra í Danmörku. Það má segja að þetta sé skipulagt og er í boði víða í Danmörku. Ráðgjafar í Center for Døve í Kaupmannahöfn starfa náið með heyrnarlausum og hafa mikil samskipti við innflytjendur og heyrnarlausum sem leita hælís í Danmörku. Hlutverk þeirra er að útskýra bréf frá stjórnvöldum á táknmáli og gera heyrnarlausum kleift að skilja þau. Einnig eru útskýrðar reglur í tengslum við atvinnuleit, atvinnuleysi, veittur stuðningur við umsóknir í félagslega kerfið, tengsl við útlendingastofnun og margt fleira (Toft, 2006a). Það er athyglisvert að sjá hvernig stefnan er í Danmörku hvað varðar heyrnarlausum innflytjendur og aðstoð við þá. Á Íslandi er engin stefna hvað varðar þennan hóp. Félag heyrnarlausra hefur reynt að hjálpa heyrnarlausum innflytjendum eins og hægt er. Í sumum tilvikum virtust heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi ekki alveg vita hvert er hlutverk félagsins. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur veitt tulkapjónustu og aðra þjónustu til heyrnarlausra innflytjenda á sama hátt og til annarra Íslendinga.

Ef skoðað er um hve stóran hóp heyrnarlausra innflytjenda er að ræða þá hafa mest verið 41 manns hér á sama tíma eins og áður segir. Er þá hægt að bera saman við fjölda heyrnarlausra sem fæddist á árinu 1964 sem var 30 vegna rauðra hunda. Þá varð að stækka Heyrnleysingjaskólann til að taka við þessum hópi barna og byggður var nýr skóli fyrir heyrnarlaus börn sem var

tekinn í notkun árið 1971 (Reynir Berg Þorvaldsson, 2010). Ekkert var aðhafst af stjórnvöldum vegna þessa stóra hóps innflytjenda. Það vantaði alla þjónustu fyrir þá á Íslandi þegar þau fluttust til landsins og engar ráðstafanir var búið að gera <sup>14</sup>.

Þeir sem þekkja lítið til menningu heyrnarlausra eða hvernig stuðning á að veita geta ekki gert æskilegar ráðstafanir. Það leiðir oft til þess að heyrnarlausir eru þeir síðustu í hópnum til að fá aðstoð eða stuðning. Heyrnarlausum innflytjendum er oft þannig mismunað í eigin samfélagi (Chaptman, E. og Doyle-Bates, T, 2007) og virðist það vera í samræmi við það sem kemur úr viðtölunum og viðtali við aðila hjá Félagi heyrnarlausra.

## 8.2. Samskiptin mesta hindrunin

Mesta hindrunin fyrir heyrnarlausa innflytjendur er fyrst og fremst samskipti. Þeir hafa takmörkuð samskipti við vinnufélaga og fá takmarkaðar upplýsingar þar sem þeir eru að læra málið. Einnig er aðgengi að sjónvarpsefni takmarkað og allt þetta hjálpar til þess að gera aðstæður heyrnarlausra innflytjenda meira einangraðar en ætti að vera. Þá komu fram í viðtölunum mjög margar frásagnir um samskipti við heyrandi og sérstaklega var nefnt í heilbrigðisgeiranum sem virðist vera vegna þekkingarleysis þó að lög um réttindi heyrnarlausa til túlkunar séu skýr.

Stór hindrun er samskiptaleysi eða skortur á aðgengi að samskiptum, sem getur tafið eða hindrað þjónustu við heyrnarlausa innflytjendur. Margir heyrnarlausir innflytjendur læra íslensku sem nýtt mál og íslenskt táknmál sem nýtt táknmál. Það er alveg skýrt að nauðsynlegt er fyrir þá að læra málið strax því að þau þurfa að eiga mál til að geta haft aðgengi að upplýsingum og þjónustu. Þeir sem eru lélegir í málinu eins og táknmálinu eru í veikari stöðu að fá upplýsingar og þjónustu sem er í landinu vegna samskiptahömlunar (Eleweke, 2007). Þetta er í samræmi við það sem hefur komið fram áður í

---

<sup>14</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnleg heimild, 18. ágúst 2010).

skýrslunni.

### 8.3. Námskeið

Fyrst og fremst þarf að byrja að hugsa um að bjóða upp á námskeið í íslensku og íslensku táknmáli. Einnig má bjóða upp á fyrirlestra í menningarsögu heyrnarlausra. Heyrnarlausir innflytjendur þurfa að læra bæði íslensku og íslenskt táknmál eftir komuna til Íslands til að geta tekið þátt í þjóðfélaginu, til að fá upplýsingar, tjá sig og koma skilaboðum áleiðis. Allir viðmælendur sögðust vilja að læra íslensku. Með því að leggja rækt við táknmál og menningu heyrnarlausra er hægt að auka líkur á því að heyrnarlausir nái valdi á íslensku og eignist hlutdeild í íslenskri menningu og samfélagi (Evrópusamband heyrnarlausra, 1997).

Guðrún Pétursdóttir (1999) segir að réttur allra geti verið sá sami samkvæmt lögum, en möguleikarnir til þess að nýta sér hann ójafnir. Þar eru möguleikar til menntunar og sérhæfingar mikilvægastir. Menntunin sé meginþáttur jafnra möguleika og tækifæra. Eitt af því sem nauðsynlegt er til þess að geta nýtt sér þá menntunarmöguleika sem í boði eru er að geta talað og skilið það tungumál sem kennt er á (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

Það er algengt að innflytjendur þurfi að stunda nám í íslensku að loknum vinnudegi. Ísland er lykill að samfélagi á íslensku til þess að geta tekið fullan þátt í íslensku samfélagi og notið til hlítar allra þeirra lífsgæða sem þar er í boði er nauðsynlegt að hafa vald á íslensku (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2009). Mikilvægi íslenskukennslu er talið geta ráðið úrslitum um aðlögun innflytjenda á Íslandi (Hallfríður Þórarinsdóttir o.fl., 2009). Eins og hefur komið fram þá skipulagði Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra námskeið haustið 2007 og mikið bar á því í námskeiðinu að þátttakendur fengu ekki frí frá atvinnurekendum til þess að fara á námskeiðið

eða þorðu ekki að spyrja og þess vegna voru færri þátttakendur en hefði mátt vera <sup>15</sup>.

Elín Sigurðardóttir (2007) hefur bent á að málefni innflytjenda voru mikið í umræðunni árinu 2007 og að áhersla sé lögð á íslensku sem grunnforsendu vegna þátttöku í íslensku samfélagi. Þá telur Elín Sigurðardóttir (2007) að hópur heyrnarlausra hafi gleymst sem Íslendingar sem eiga annað mál en íslensku, þ.e. táknmál. Þá má benda á að ekki hafa verið skipulögð námskeið í íslensku, íslensku táknmáli og menningarsögu fyrir heyrnarlausa Íslendinga, en margir heyrnarlausir Íslendingar hafa lélega grunnmenntun sem er eiginlega afleiðing af oralstefnunni. Félag heyrnarlausra hefur mikinn hug á að bæta upp kennslu í íslensku og íslenskri menningarsögu og vill leita leiða til þess <sup>16</sup>.

Eins og kom fram áður hafa stjórnvöld á Íslandi markað sér stefnu að hafa íslenskukennslu fyrir innflytjendur á árinu 2007 en virðast ekki hafa gert ráð fyrir hópi heyrnarlausra innflytjenda og því er hópurinn talinn gleymdur.

Fyrst og fremst þurfa heyrnarlausir innflytjendur að vera færir á íslensku táknmáli áður en þeir fara að læra íslensku. Það er hægt með því að bjóða upp á táknmálsnámskeið eða hvetja þá til að hitta heyrnarlausa Íslendinga sem oftast. Heyrnarlausir læra táknmálið mjög fljótt. Þá er hægt að byggja upp markmið fyrir hvern og einn heyrnarlausan innflytjanda með kennslu í íslensku og menningarsögu heyrnarlausra. Þannig væri hægt að auðvelda þeim að aðlagast samfélagi heyrnarlausra og ef til vill má nýta þetta tækifæri til að bjóða heyrnarlausum Íslendingum líka á námskeið.

Vanda þarf vel kennslu innflytjenda sem ekki hafa vald á íslensku og skapa þeim aðstæður til þess að læra tungumálið og aðlagast sem best íslenskum aðstæðum og menningu. Þá er æskilegt að kennsla fari fram á táknmáli og án þess að táknmálstúlkur sé notaður. Best er að hafa táknmálstalandi kennara sem kenni íslensku, íslenskt táknmál og menningarsögu heyrnarlausra.

---

<sup>15</sup> Anney Þorvaldsdóttir o.fl. (tölvupóstur, 12. ágúst 2010).

<sup>16</sup> Laila M. Arnþórsdóttir (munnlegt heimild, 18. ágúst 2010).

#### **8.4. Fræðsla**

Það er mikilvægt að fræðsla sé um táknmál og menningu heyrnarlausra á Íslandi til almennings. Sennilega þarf að fræða almenning meira um hvernig má eiga samskipti við heyrnarlausa. Algengt var að heyrnarlausir innflytjendur fengju kunningja sína með sér til að túlka þegar talað var við starfsmenn hjá heilbrigðisstofnun eða öðrum stofnunum. Heyrnarlausir á Íslandi og heyrnarlausir innflytjendur hafa jafnan rétt á táknmálstúlkun á Íslandi. Táknmálstúlkur skal alltaf vera faglærður því ómenntaðir túlkar geta auðveldlega breytt efninu og þannig komast mikilvægar upplýsingar ekki til skila.

Það þarf því að fræða heilbrigðisstofnanir meira, sem og aðrar stofnanir um að allir heyrnarlausir eigi rétt á táknmálstúlk. Einnig þurfa heyrandi að fá fræðslu um hvernig má hafa samskipti við heyrnarlausa almennt. T.d. skrifa á miða en alls ekki nota varalestur, sem getur leitt til misskilnings. Þá má benda á að Valgerður Stefánsdóttir (2005) segir að heyrnarlausir sem þekkja ekki alla málavexti, gætu frekar lent í því að gera mistök. Við það fá heyrandi meira vald bæði frá öðrum heyrandi og heyrnarlausum sjálfum og þess vegna geta þau ráðið yfir heyrnarlausum. Við það geta heyrnarlausir lent í aðstæðum þar sem er gengið á rétt þeirra og samþykkja allt sem heyrandi segir. Það er mikilvægt að jafnrétti sé til staðar og það sé virt.

#### **8.5. Auka aðgengi að upplýsingum**

Heyrnarlausir eiga ekki að vera þjakaðir af áhyggjum yfir hvernig þeir geta notið sama aðgengis og þeir sem eru heyrandi á Íslandi. Bætt íslenskukunnátta og túlkapjónusta myndi leiða til þess að sjálfsmynd og sjálfstraust heyrnarlausra myndi eflast til muna og eru það sjálfsögð mannréttindi.

Það má bjóða upp á ýmis konar fræðslu til heyrnarlausra innflytjenda svo sem um réttindi og skyldur þeirra. Sennilega er það sama sem heyrnarlausar almennt vantar vegna skorts á aðgengi að upplýsingum.

Eins og hefur komið fram er lagt til í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um fötlun að táknmál verði viðurkennt og textun verði löggild í sjónvarpi. Þá má líka benda á að íslenska málnefndin telur sjálfsagt að texta íslenskt sjónvarpsefni en ekki sé allt textað í dag og telja að gera megi betur í því (Mennta- og menningaráðuneyti, 2009).

Pannig má segja að mikilvægt sé að auka aðgengi sjónvarpsefnis með textun þar sem það hefur mikil áhrif og getur leitt til áhuga á íslensku máli, þar sem textun styður þjálfun í málinu.

Þá hafa heyrnarlausir innflytjendur bent á að ekki sé hægt að fá túlk hvenær sem er þar sem Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra anní ekki allri eftirspurn eftir táknmálstúlkum. Allir viðmælendur telja að túlkþjónusta á Íslandi sé langtum betri en í heimalandi þeirra.

## **8.6. Hætta er á einangrun**

Eins og hefur komið fram hafa heyrnarlausir innflytjendur leitað mikið til Félags heyrnarlausra og annarra heyrnarlausra kunningja til að fá upplýsingar og útskýringar. Heyrnarlausir innflytjendur hafa reynt að bjarga sér sjálfir, en fá oft bréf sem þeir skilja ekki alveg sem er í samræmi við heyrnarlausar innflytjendur í Danmörku. Þá er mikilvægt að hugað sé að ráðgjöf og stuðningi við þá. Félag heyrnarlausra getur ekki sinnt því þar sem það hefur takmarkaðan fjölda starfsmanna og hefur ekki fjármagn til að að sinna því.

## 8.7. Umræður

Rannsóknarspurningin er eins og áður hefur komið fram um hvernig hefur heyrnarlausum innflytjendum tekist að aðlagast að íslensku samfélagi. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að staða heyrnarlausra innflytjenda virðist ekki vera eins góð og annarra innflytjenda. Þá hefur komið í ljós að staða þeirra í íslensku er ekki góð eins og ætla mætti. Þá er líka hindrun í samskiptum og upplýsingagjöf vegna heyrnarleysisins. Ef borið er saman við heyrnarlausa Íslendinga, þá virðast heyrnarlausir innflytjendur vera lakari í íslensku en íslenskir heyrnarlausir. Þannig geta þau misst af tækifærum, t.d. við að afla sér menntunar eða upplýsinga þar sem allt er á íslensku. Þá hafa heyrnarlausir innflytjendur lakara aðgengi að upplýsingum en aðrir landsmenn, t.d. vantar táknmál og textun á sjónvarpsefni.

## 8.8. Takmarkanir eða veikleiki

Það er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum rannsóknarinnar um stöðu heyrnarlausra innflytjenda á Íslandi því að rannsóknin er of afmörkuð. Ekki voru allir heyrnarlausir innflytjendur boðaðir í viðtal og ekki var gerð meginlæg könnun til allra heyrnarlausra innflytjenda. Mjög erfitt er að alhæfa að niðurstöður rannsóknarinnar gefi rétta mynd af þessu, en hún getur gefið vísbendingar um það.

## 8.9. Mikilvægi rannsóknarinnar og framtíðarrannsóknir

Ekki virðist vera búið að rannsaka mikið stöðu heyrnarlausra á Íslandi, nema það sem áður hefur komið fram varðandi kannanir hjá heyrnarlausum á árunum 1988, 2004, 2005 og 2009. Auk þess eru til nokkrar rannsóknir í tengslum við lokaverkefni háskólanema. Niðurstöður rannsóknarinnar eru áhugaverðar þar sem ekki er vitað nógu mikið um stöðu heyrnarlausra á Íslandi eða/og ekki sé búið að kynna það mál nægjanlega í þjóðfélaginu.

Margt í rannsókninni getur átt við heyrnarlausa einstaklinga á Íslandi almennt. Margir heyrnarlausir á Íslandi búa við skort á upplýsingum. Þá er ástæða til að rannsaka nánar t.d. lesskilning, samskipti, hvaða möguleika eiga þau á upplýsingum og margt fleira. Hægt er að telja upp endalaust hvað má rannsaka en ekki verður farið nánar í það hér. Aðalatriðið var að skoða hvernig staða heyrnarlausra innflytjenda er á Íslandi í dag.

## 9. Lokaorð

Í köflunum hér á undan höfum við greint frá stöðu heyrnarlausra innflytjenda. Við höfum farið yfir þann vanda sem þeir gætu glímt við.

Heyrnarlausir innflytjendur í atvinnuleit eru ekki einsleitur hópur, þarfir hvers einstaklings geta verið mjög misjafnar. Sumir búa við félagslegt öryggi og eru ánægðir í vinnu. Aðrir geta átt erfitt með að fá nýja vinnu ef þeim er sagt upp eða þeir þurfa að skipta um vinnu. Þá geta verið hömlur að fá vinnu vegna samskipta. Ég tel því mjög nauðsynlegt að einhverskonar greiningarvinna fari fram á vanda hvers og eins. Veita þarf hverjum einstaklingi ráðgjöf og fylgja henni eftir. Skoða má hvernig Danir og Svíar taka á móti sínum hópum þar sem heyrnarlausir innflytjendur fá ráðgjöf og þjónustu á vegum stjórnvalda. Hér á landi hefur Félag heyrnarlausra sinnt því að mestu eftir því sem hægt er því ekki er ætlast til að félagið sinni slíkri þjónustu enda er það ekki hlutverk þess.

Félag heyrnarlausra hefur bent á að það þurfi að koma upp upplýsingabanka á táknmáli um réttindi og skyldur þeirra sem flytjast til Íslands. Þá þarf að sinna þessum hópi mikið. Ef vel er gert og markvisst er unnið að því í upphafi eru meiri líkur á því heyrnarlausir innflytjendur aðlagist vel að íslensku samfélagi.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur bent á að það vanti sárlega námskeið í íslensku og íslensku táknmáli fyrir heyrnarlosa innflytjendur. Það þyrfti að koma til fjárframlag til þess að búa til námskeið sem hentar þessum hópi og halda námskeið á þeim tíma sem hentar þeim <sup>17</sup> og ég tek undir með þeim.

---

<sup>17</sup> Anney Þorvaldsdóttir o.fl. (tölvupóstur 12. ágúst 2010).

Það verður að hafa í huga að heyrnarlausir innflytjendur virðast oft vera hálf bjargarlausir í upphafi. Það verður að ýta undir sjálfstæði þeirra þannig að þeir verði sjálfbjarga en ekki þannig að þeir þurfi í sífellu aðstoð og krefjist meiri tíma og athygli af hendi þess sem aðstoðar, heldur en þeirra sem eru heyrnarlausir Íslendingar. Samt sem áður eru heyrnarlausir innflytjendur mjög viljugir til að bjarga sér sjálfir en þá þarf að auka aðgengi að þjóðfélaginu.

Ekki kom fram í viðtölum að þeim finnist þeir fá litla þjónustu hjá hinu opinbera þó aðstoðin sem reynt hefur verið veita þeim virðist vera stundum meiri en aðrir fá. Kannski má hugsa um hvort aðstoð sem er veitt heyrnarlausum innflytjendum sé of mikil eða sé út úr kortinu. Því geta komið upp ýmsar aðstæður sem ekki er gert ráð fyrir og því þurfa þau á þjónustu að halda. Það var athyglisvert þegar spurt var um hvaða þjónustu vanta á Íslandi. Enginn sagðist hafa neinar athugasemdir og telja að þjónustan sé fín á Íslandi. Það verður að vera ljóst að sé það meira en sjálfsagt að hjálpa heyrnarlausum innflytjendum og veita þeim alla mögulega aðstoð við að aðlagast íslenska kerfinu og þeir eiga rétt, eins og aðrir, á að læra á kerfið og verða sjálfbjarga innan þess. Þá þurfa heyrnarlausir innflytjendur að vita sínar skyldur. Eins og er sagt er: *aðgengi að upplýsingum lykillinn* og þá þarf að hafa kunnáttu í íslensku, íslensku táknmáli og geta nálgast upplýsingar á eigin vegum, sama hvort um er að ræða textun eða aðgengi að táknmálstúlkum. Þá má ekki gleyma að táknmálstúlkur er lykill að samskiptum á milli heyrnarlausra og heyrandi.

Staða heyrnarlausra á Íslandi hefur farið batnandi á undanförunum árum. Táknmál hefur fengið meiri viðurkenningu og heyrnarlausir hafa meiri aðgengi að táknmáli nú en áður. Viðhorf til táknmáls á Íslandi hefur breyst og er orðið jákvæðara. Nú hefur táknmálstalandi fólk rétt á túlki við flestar aðstæður og gildir sama um heyrnarlausa innflytjendur.

Heyrnarlausir eru venjulegt fólk sem lifir venjulegu lífi innan samfélags á Íslandi en tala annað mál eða heyra undir aðra menningu, þ.e. menningu

heyrnarlausra. Heyrnarlausir vilja að táknmál verði viðurkennt til jafns á við önnur mál.

Almenningur hefur meiri skilning á sérstæði hópsins sem málminnhlutahóps frekar en hóps fatlaðra. Heyrnarlausir leggja mikla áherslu á að táknmál sé móðurmál heyrnarlausra og að hver heyrnarlaus einstaklingur eigi að vera stoltur af máli sínu og menningu.

Þátttaka í þjóðfélaginu er mannréttindi hvers og eins. Heyrnarlausir eiga að hafa sömu möguleika og heyrandi fólk hefur. Skortur á aðgengi getur sett heyrnarlausa í slæma stöðu í þjóðfélaginu og þá er félagsleg staða ekki góð og þannig geta heyrnarlausir upplifað fleiri hindranir sem er með öllu óþarfi. Hugsa þarf betur um stöðu heyrnarlausra innflytjenda með því að marka stefnu í málefnum þeirra.

## 10. Heimildaskrá

- Álafoss Productions, Draumasmiðjan útgáfa og Mímir-Símenntun  
(framleiðandi) og Elsa G. Björnsdóttir og Margrét Pétursdóttir (handrit).  
(2009). *Íslenskt táknmál fyrir döff útlendinga* [Margmiðlunardiskur].  
Reykjavík: Mímir-Símenntun.
- Alþjóðahús (2006, 6. nóvember). *Markmið Alþjóðahúss*. Sótt 12. september  
2010 af <http://www.ahus.is/content/view/1/9/lang, is/>.
- Alþjóðahús (2010, 27. júní). *Breytingar í Alþjóðahúsi*. Sótt 12. september  
2010 af <http://www.ahus.is>.
- Árný Guðmundsdóttir og Gerður Sjöfn Ólafsdóttir (2007). Að vera  
táknmálstúlkur. *Döffblaðið*. 8(2), bls. 11.
- Ástríður Stefánsdóttir (2007). Túlkun á læknamóttöku. Í Gauti Kristmannsson  
og Ólafur Rastrick (ritstj.) *Ritið: 2-3/2007. Tímarit Hugvísindastofnunar*  
(bls. 83-106). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Birna Arnbjörnsdóttir (2007). Samfélag málnotenda: Íslendingar, innflytjendur  
og íslenskan. Í Gauti Kristmannsson og Ólafur Rastrick (ritstj.) *Ritið:  
1/2007. Tímarit Hugvísindastofnunar* (bls. 63-82). Reykjavík:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson (1989). *Heyrnarlausir á  
Íslandi, sögulegt yfirlit*. Reykjavík: Félag heyrnarlausra í samvinnu við  
Fjölsýn Forlag.
- Bylgjan (2007, 1. mars). *Reykjavík Síðdegis: Heyrnarlausir innflytjendur*.  
Reykjavík: Fjölmiðlavaktin ehf.

- Chaptman, E. og Doyle-Bates, T. (2007). *Case Managers*. Í WFD og CSNU (ritstj.). World Book of presentations and papers of the 15<sup>th</sup> World Congress of the World Federation of the Deaf. Madrid: CSNU.
- Cokely, D. (1992). *Sign language interpreters and interpreting*. Burtonsville, M.D.: Linstok Press.
- Eleweke, C. J. (2007). *Enhancing Services for Deaf People Who Are Ethnic Minorities or Immigrants*. Í WFD og CSNU (ritstj.). World Book of presentations and papers of the 15<sup>th</sup> World Congress of the World Federation of the Deaf. Madrid: CSNU.
- Evrópusamband heyrnarlausra (1997). *Handbók að samfélagi heyrnarlausra í Evrópu*. Reykjavík: Félag heyrnarlausra.
- Fanney Dóra Sigurjónsdóttir (2006, 7. apríl). *Viðurkennum alla Íslendinga*. Politik.is. Sótt 18. apríl 2010 af <http://www.politik.is/2006/04/07/Vidurkennum-alla-Islendinga/>.
- Fanney Ingólfssdóttir (2007). Táknmálstúlkar eru bundnir þagnarskyldu. *Döfblaðið* 8(2), bls. 7.
- Félag heyrnarlausra (2000). *Saga Félags heyrnarlausra*. Sótt 12. september 2010 af <http://deaf.is/Forsida/Umfelagid/Saga/>.
- Félag heyrnarlausra (2010, 5. maí). *Fréttablaðið: Viljum jafnfræði í samfélaginu*. Sótt 12. september 2010 af <http://deaf.is/Forsida/Umfelagid/Tilkynningar/Lesa/403>.
- Félag heyrnarlausra (e.d.a). *IDFC (Icelandic Deaf Foreigners Club)*. Sótt 2. maí 2010 af <http://www.deaf.is/Forsida/Felagsstarf/Deildir/IDFCHopurheyrnarlausra-utlendingaalslandi/>.

- Félag heyrnarlausra (e.d.b). *Um félagið*. Sótt 7. september 2010 af <http://www.deaf.is/Forsida/Umfelagid/>.
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti (2010, 12. mars). *Áætlun um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 2. ágúst 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4911>.
- Félagsmálaráðuneytið (2007, janúar). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 1. ágúst 2010, frá [http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna\\_um\\_adlogun\\_innflytjenda.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf).
- Framkvæmdanefnd í málefnum Döff (2010). *Döffblaðið*. 11(1), 26.
- Freeman R. D, Carbin, C. F. og Boese R. J. (1988) *Hvað er heyrnarleysi ? Handbók fyrir foreldra og aðra uppalendur*. Reykjavík: Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra.
- Geir T. Zoega (1967). *A concise dictionary of old Icelandic* (6. útg). Oxford: At the Clarenton Press.
- Ghauri, P. og Grønhaug, K. (2002). *Research methods in business studies: A practical guide* (2. útg.). Harlow: Financial Times Prentice Hall.
- Guðbjörg Ragnarsdóttir (2009). *Stundum er gott að hlusta: Rannsókn á hugmyndum og skoðunum heyrnarlausra um „blöndun“ heyrandi og heyrnarlausra í skólum*. Óbirt meistara-ritgerð Háskóli Íslands. Uppeldis- og menntunarfræðideild.
- Guðmundur Ævar Oddsson og Hekla Gunnarsdóttir (2004). *Könnun á félagslegri stöðu heyrnarlausra*. Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

- Guðrún Pétursdóttir (1999, 10. september). *Er að myndast lægsta stétt á Íslandi?* Sótt 25. apríl 2010 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=490317](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=490317)
- Gunnar Salvarsson (1994, 22. janúar). *Orð vega þungt*. Sótt 25. apríl 2010 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=122367](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=122367).
- Gunnar Salvarsson (1995). *Daufir Duga: Saga og samfélag heyrnarlausra*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hafdís Gísladóttir (2008). *Heyrnarlausir með frekari fötlun: skýrsla um þjónustubörf og tillögur að þjónustuúrræðum*. Reykjavík: Félag heyrnarlausra.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2008*. (Mannfjöldi:1). Reykjavík: Höfundur.
- Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berglind L. Hafsteinsdóttir (2009). *Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf*. Sótt 19. apríl 2010 af [http://www.mirra.is/Stada\\_innflytjenda\\_a\\_erfidleikatimum.pdf](http://www.mirra.is/Stada_innflytjenda_a_erfidleikatimum.pdf).
- Hanna Ragnarsdóttir (2007). Fjölmenningarfræði. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmennig á Íslandi*. (bls. 17-42). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Háskóli Íslands (2009, 22. janúar). *Táknmál á Íslandi*. Sótt 20. maí 2010 af [http://www.hi.is/is/hugvisindasvid\\_deildir/islensku\\_og\\_menningardeild/taknmalsfraedi\\_og\\_taknmalstulkun/nam/taknmal\\_a\\_islandi](http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/taknmalsfraedi_og_taknmalstulkun/nam/taknmal_a_islandi).
- Háskóli Íslands (2010, 25. maí). *Nám í táknmálsfræði*. Sótt 12. september 2010 af [http://www.hi.is/is/hugvisindasvid\\_deildir/islensku\\_og\\_menningardeild/nam/taknmalsfraedi](http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/islensku_og_menningardeild/nam/taknmalsfraedi).

Humphrey, J. H. og Alcorn, B. J. (1997). *So you want to be an interpreter?: an introduction to sign language interpreting* (3. útg.). Amarillo, TX: H&H Publishers.

*Íslensk orðabók* (2002). Mördur Árnason (ritstj.) (3. útg.). Edda: Reykjavík.

*Íslensk orðabók* (1979). Árni Böðvarsson (ritstj.) (6. útg.). Bókaútgáfa Menningarsjóðs: Reykjavík.

Jón Gunnar Bernburg (2005, 21. nóvember). Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?. *Vísindavefurinn*. Sótt 1. ágúst 2010 af <http://visindavefur.is/?id=5420>.

Júlía G. Hreinsdóttir (2002, 30. mars). Hvernig hefur táknmálsmenntun heyrnarlausra verið háttað?. *Vísindavefurinn*. Sótt 24. mars 2010 af <http://visindavefur.is/?id=2249>.

Júlía G. Hreinsdóttir (2006, 20. júní). *Heyrnarlaus eða döff – ekki heyrnar- og mállaus*. Sótt 8. ágúst 2010 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1089002](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1089002).

Kristinn Jón Bjarnason (2007, 4. febrúar). *Læknar eiga ekki að meta þörf fyrir táknmálstúlkun*. Sótt 15. ágúst 2010 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1127779](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1127779).

Landslæknisembættið (2003). *Túlkapjónusta við heyrnarlausra*. (Dreifibréf Landlæknisembættisins: 6). Sótt 12. september 2010 af <http://www.landlaeknir.is/?pageid=243>.

*Lög um persónuvernd nr. 77/2000*.

*Lög um réttindi sjúklinga 74/1997*.

*Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990*.

Málþing um samning SP um réttindi fatlaðra (2010). *Döffblaðið*. 11(1), 10-11.

Margrét Pétursdóttir (2009, 24. október). *Nokkur orð um döffleikhús.*

Fréttablaðið, bls. 20.

Mennta- og menningarráðuneyti (2009). *Íslenska til alls: tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009.*

Reykjavík: Höfundur. Sótt 20. apríl 2010 af

<http://bella.stjr.is/utgafuskra/rit.adp?id=35496>.

Mímir-símennt (e.d.). *Starfsemi*. Sótt 12. september 2010 af

[http://www.mimir.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=24&Itemid=497](http://www.mimir.is/index.php?option=com_content&task=view&id=24&Itemid=497).

Ragna Lára Jakobsdóttir (2007). Rannsóknir á Íslandi:

Fjölmenningsamfélagið. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður

Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmennig á*

*Íslandi*. (bls. 185-248). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Sverrisdóttir (2005). Táknmál – tungumál heyrnarlausra. *Málfríður*.

21(1), bls.14-19.

Rannveig Sverrisdóttir (2007). “Hann var bæði mál- og heyrnarlaus.” Um

viðhorf til táknmála. Í Gauti Kristmannsson og Ólafur Rastrick (ritstj.)

Ritið: 1/2007. Tímarit Hugvísindastofnunar (bls. 83-106). Reykjavík:

Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

*Reglugerð nr. 1058/2003 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.*

Reynir Berg Þorvaldsson (2010). *Saga heyrnarlausra á Íslandi*. Reykjavík:

Félag heyrnarlausra.

RÚV (2007, 28. febrúar). *Heyrnarlaust fólk flykkist hingað*. Sótt 18. apríl 2010

af <http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item145645/>.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (e.d.). *Um SHH*. Sótt 7. september 2010 af <http://www.shh.is/Default.asp?page=8>.

Sjónvarpið (2007, 28. febrúar). *Heyrnarlausum útlendingum fjölgar*. Reykjavík: Fjölmíðlavaktin ehf.

Starfsmennaráð (2008). *Yfirlit yfir úthlutanir*. Sótt 2. ágúst 2010 af <http://www.starfsmenntarad.is/uthlutun/yfirlit-yfir-uthlutanir/>.

Stewart, D. A., Schein, J. D. og Cartwright, B. E. (1998). *Sign language interpreting: exploring its art and science*. Needham Heights: Allyn & Bacon.

Svandís Svavarsdóttir (2001, 6. september). „Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt mál fyrir heyrnarlausa?“. *Vísindavefurinn*. Sótt 20. apríl 2010 af <http://visindavefur.is/?id=1862>.

Sveriges Dövas Riksförbund (e.d.) *Deaf in Sweden: Deaf immigrants – an exposed group*. Sótt 18. apríl 2010 af <http://www.sdrf.se/sdr/tmpl/standard.php?pageId=507&rid=0>.

Táknsmiðjan (e.d.). *Táknmál*. Sótt 2. ágúst 2010 af [http://taknsmidjan.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=153&Itemid=56](http://taknsmidjan.is/index.php?option=com_content&view=article&id=153&Itemid=56).

Toft, N. (2006a). Döve udlændinge bliver godt integreret. *Dövebladet*. 116(11), 21-22.

Toft, N. (2006b). Vi undgår isolation. *Dövebladet*. 116(11), 23.

Toma, T (2002, 21. mars). Nýbúi úreltur? Sótt 2. ágúst 2010 af <http://tru.is/pistlar/2002/03/nybui-ureltur/>.

Tryggingastofnun Ríkisins (e.d.). *Flutningur á milli landa*. Sótt 19. ágúst 2010 af <http://www.tr.is/flutningur-a-milli-landa/>.

Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska (2007). Líf á tveimur stöðum:  
Vinna eða heimili? Í Gauti Kristmannsson og Ólafur Rastrick (ritstj.)  
*Ritið: 1/2007. Tímarit Hugvísindastofnunar* (bls. 83-106). Reykjavík:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

Valgerður Stefánsdóttir (2005). *Málsamfélag heyrnarlausra: Um samskipti á milli táknmálstalandi og íslenskutalandi fólks*. Óbirt meistararitgerð  
Háskóli Íslands. Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Valgerður Stefánsdóttir (2007, 16. janúar). Táknmálsbannið var valdbeiting.  
Fréttablaðið. Sótt 10. júní 2010 af  
<http://visir.is/article/20070116/SKODANIR03/101170002/1196>.

Västanviks folkhögskola (e.d.) EU-Project. Sótt 22. júlí 2010 af  
<http://www.vastanviksfhs.se/1032.php>.